VR BLAÐIÐ
01 2021



BLAÐSÍÐA 7
Fyrirtæki ársins 2021
Taktu þátt!

BLAÐSÍÐA 15
Nýtt efni um
starfsþróun á vef VR

BLAÐSÍÐA 16
Kosningar til formanns
og stjórnar

BLAÐSÍÐA 33
Hvernig á að kjósa
trúnaðarmann?

EFNISYFIRLIT



FÉLAGSMÁL

3
Leiðari

4
Fréttir

6
Rafræn námskeið fyrir félagsmenn

7
Fyrirtæki ársins 2021

9
Stuðningslán til hjálpar heimilum í landinu

10
VR 130 ára

28
Ferðumst innanlands í sumar

30
Trúnaðarmannanámskeið

31
Af vettvangi Landssambandsins

32
Trúnaðarmaðurinn

34
Krossgátan

35
Tilboð til félagsmanna VR

STARFSMENNTAMÁL

13
Vissir þú af leið 3?

14
Aukið sjálfstraust eftir raunfærnimat

15
Nýtt efni um starfsþróun á vef VR

KOSNINGAR 2021

16
Allherjaratkvæðagreiðsla í VR 2021

17
Úr lögum VR um kosningar

18
Frambjóðendur kynna sig

27
Listi stjórnar og trúnaðarráðs 2021-2023







Forsíðumynd: Gunnar Rúnar Ólafsson (1917-1965) ©Ljósmyndasafn Reykjavíkur

1958-1959, Kaupfélagi Hafnarfjarðar, matvöruverslun. Afgreiðslufólk við vinnnu, Kristín Árnadóttir og Hafdís Jóhannesdóttir í Kaupfélagi Hafnarfjarðar. M.a. vörur frá pökkunarverksmiðjunni Kötlu.

VR BLAÐIÐ
1. tbl. 43. árgangur febrúar 2021

Hús verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

Ábyrgðarmaður
Ragnar Þór Ingólfsson

Ritstjóri
Fjóla Helgadóttir

Ritstjórn
Árni Leósson
Elva Hrönn Hjartardóttir
Fjóla Helgadóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Þorsteinn Skúli Sveinsson

Umbrot og útlit
Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir
Birgir Ísleifur og Guðmundur Þór

Prentun
Svansprent

Upplag
20.100

Stjórn VR
Ragnar Þór Ingólfsson, formaður
Harpa Sævarsdóttir, varaformaður
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, ritari
Arnþór Sigurðsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Friðrik Boði Ólafsson
Fríða Thoroddsen
Helga Ingólfsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Selma Árnadóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurður Sigfússon
Þorvarður Bergmann Kjartansson

Varamenn
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Sigmundur Halldórsson
Þórir Hilmarsson



LEIÐARI RITSTJÓRA

VORIÐ KEMUR, HEIMUR HLÝNAR

Eftir þennan langa COVID vetur eru eflaust flest orðin langeyg eftir sumrinu. Mars er þó sennilega einn leiðinlegasti vetrarmánuðurinn á Íslandi, já ég sagði það! Í mars er orðið bjart á morgnana sem gefur fögur fyrirheit um framhaldið en skapsveiflurnar í veðrinu fara oft á yfirsnúning og allar árstíðirnar birtast okkur á einum og sama deginum. En svo gerist það sem við bíðum flest eftir, lóan kemur og „Sunnan yfir sæinn breiða, sumarylinn vindar leiða“ eins og segir í Vikivaka Jóhannesar úr Kötlum.

Það er þó annar undanfari vorsins sem skipar stóran sess hér hjá okkur í VR og það eru kosningar í félaginu, sem haldnar eru ár hvert. Kosið er um helming stjórnar hverju sinni, sjö sæti aðalmanna til tveggja ára og þrjú sæti varamanna til eins árs og annað hvert ár bætist einnig við formannskosning. Sú staða er uppi á teningnum hjá okkur núna og eru tveir frambjóðendur í kjöri til formanns VR og 11 frambjóðendur í kjöri til stjórnar félagsins. Það er mikilvægt að við VR félagar nýtum kosningarétt okkar og kjósum þá frambjóðendur í stjórn og í formannsembættið sem okkur líst best á. Hverju viljum við að félagið okkar beiti sér fyrir í okkar þágu? Við getum haft áhrif. Hér í blaðinu er að finna upplýsingar um hvern frambjóðanda og einnig má sjá nánari upplýsingar á vefnum okkar, vr.is. Ég hvet öll til að kynna sér vel frambjóðendurna og láta ekki sitt eftir liggja í kosningunum sem hefjast þann 8. mars næstkomandi. Félagar hafa aðgang að rafrænum atkvæðaseðli inni á Mínum síðum á vr.is.

Nú stendur einnig yfir könnun VR á Fyrirtæki ársins og hefur sjaldan verið jafnmikilvægt og nú að taka þátt í henni. VR félagar hafa fengið könnunina senda í tölvupósti en einnig er hægt að svara henni inni á Mínum síðum á vr.is. Það er óhætt að segja að síðasta ár hafi verið krefjandi fyrir öll úti á vinnumarkaðnum, hvort sem það voru stjórnendur sem þurftu að tileinka sér annars konar stjórnunarhætti eða, og ekki síst, starfsfólk. Starfsfólkið sem stóð í hringiðunni og mætti til vinnu í verslunum og þjónustu þegar flestum öðrum var skipað að halda sig heima. Eða starfsfólkið sem allt í einu var farið að gera það sem því hefur alltaf verið sagt að forðast í lengstu lög; að taka vinnuna með sér heim. Mörkin milli vinnu og einkalífs máðust ef til vill örlítið út í fjarvinnunni á tímabili en flest eru vonandi komin upp á lagið með að ganga frá vinnunni þegar vinnudeginum er lokið. Könnun VR á Fyrirtæki ársins spyr einmitt um þessa þætti; fjarvinnu og líðan félagsmanna í fjarvinnunni, afköst, álag og aðbúnað heima fyrir svo fátt eitt sé nefnt. Þá er einnig spurt um afstöðu VR félaga til fjarvinnu, hvort áhugi væri fyrir því að halda slíku fyrirkomulagi áfram og þá hversu marga daga í viku. Það er því mikilvægt að félagsmenn taki þátt í könnuninni svo skoðanir sem flestra varðandi þessa þætti fái að heyrast.

Forsíðumynd blaðsins að þessu sinni er fengin frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur og sýnir þær Kristínu Árnadóttur og Hafdísi Jóhannesdóttur verslunarkonur við störf í Kaupfélagi Hafnarfjarðar fyrir um 60 árum. Það er vel við hæfi að skyggnast aðeins til fortíðar nú þegar félagið okkar fagnar 130 ára stofnafmæli sínu. Hér í blaðinu má einmitt finna myndir úr nýrri auglýsingu VR sem fer í birtingu fljótlega en þar er litið um öxl í sögu félagsins og baráttan í gegnum áranna rás rifjuð upp. Það er alltaf hollt að líta yfir farinn veg og fá þannig innblástur fyrir verkefni framtíðarinnar.

Ég vona að mars miskunni sig yfir okkur í vorjafndægrunum eftir öll COVID harðindin og óska þess að apríl gefi okkur sumardaginn fyrsta sem beri nafn með rentu.

Fjóla Helgadóttir,
ritstjóri VR blaðsins

NÝTTU ATKVÆÐISRÉTT ÞINN!

Allsherjaratkvæðagreiðsla til formanns og stjórnar VR fyrir kjörtímabilið 2021 til 2023 **hefst mánudaginn 8. mars kl. 9:00 og lýkur á hádegi 12. mars.** Kosningin er rafræn á Mínum síðum á vef VR. Innskráning er með Íslykli eða rafrænum skilríkjum. Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér frambjóðendur og nýta atkvæðisrétt sinn.



VR KAUPIR 4 NÝ ORLOFSHÚS Í HÁLÖNDUM AKUREYRAR

Stjórn VR samþykkti á hátíðarfundi sínum í tilefni 130 ára afmælis VR þann 27. janúar sl. að kaupa fjögur ný orlofshús á hinu vinsæla svæði Hálöndum við Akureyri. VR á fyrir fjögur heilsárshús á svæðinu sem eru staðsett við Hlíðarfjallsveg, u.þ.b. miðja vegu milli skíðaaðstöðunnar og bæjarins. Húsin eru 108 fermetrar og í þeim eru þrjú svefnberbergi, tvö baðherbergi, stofa og eldhús. Heitur pottur er í hverju húsi.

Orlofshús VR í Hálöndum hafa verið mjög vinsæl og haft eina bestu nýtingu orlofshúsa félagsins.

Í Hálöndum eru þegar risin 52 orlofshús á vegum SS Byggis ehf. Félagið er að hefja framkvæmdir í þriðja áfanga í Hálöndum og eru nú þegar komin 15 hús í byggingu sem verða tekin í notkun fyrri hluta ársins 2022 og standa VR fjögur hús til boða í þeim hluta. Samtals er um að ræða fjárfestingu fyrir um 200 milljónir króna en þá er meðtalið allt sem þarf til að standsetja hús fyrir útleigu svo sem allur búnaður, tæki og húsgögn.

Á Akureyri á VR fyrir 7 íbúðir við Furulund, eina íbúð við Dalsgerði og þrjár íbúðir í Skipagötu.

ÖLDUNGARÁÐ VR

Forystusveit Öldungadeildar VR fundaði nú í janúar, en þar eiga sæti allir 65 ára og eldri sem greitt hafa iðgjöld til VR á sinni starfsævi. Lagðar voru línur um starfið framundan í baráttumálum eldri félagsmanna VR. Í nýjum reglum um Öldungadeild VR sem stjórn VR samþykkti á síðasta ári kemur m.a. fram að forystusveitin, sem ber titilinn Öldungaráð VR, er skipuð til bráðabirgða fram að aðalfundi VR í lok mars nk. Þá mun stjórn skipa þrjá fulltrúa en meðlimir í Öldungadeild VR munu kjósa um þrjá þeim til viðbótar eða sex alls. Formaður VR á einnig sæti í Öldungaráði þeim til viðbótar.

Framundan er áframhaldandi áhersla á stuðning við baráttu Gráa hersins, baráttuhóps eldri borgara um lífeyrismál. VR hefur lagt málssókn Gráa hersins gegn Tryggingastofnun lið, vegna skerðinga á opinberum ellilífeyri í hlutfalli við réttindin sem fólk hefur áunnið sér í almennum lífeyrissjóðum. Það er sjónarmið VR að með því sé um að ræða ígildi eignaupptöku sem er brot á 72. gr. stjórnarskrárinnar auk 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi eignarréttarins. Enda var því kerfi skyldulífeyrissparnaðar, sem komið var á fót með kjarasamningum á árinu 1969, ætlað að koma til viðbótar en ekki í stað almannatrygginga.



RAFRÆNAR SKÓLAKYNNINGAR VR

VR býður áfram upp á skólakynningar fyrir útskriftahópa í grunn- og framhaldsskólum en í vetur hafa skólakynningarnar farið fram með rafrænum hætti. Þetta hefur mælst vel fyrir þar sem hægt hefur verið að halda þessari þjónustu úti á meðan þetta ástand varir enda verkefnið mikilvægt og hefur mikið forvarnargildi. Markmiðið er að kynna fyrir nemendum helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði en í kynningunni er farið yfir helstu grunnþætti sem mikilvægt er að ungt fólk þekki þegar það fer út á vinnumarkaðinn, hvaða hlutverki stéttarfélögin gegna og þjónustuna sem þau veita. Forsvarsmenn skóla geta fengið frekari upplýsingar og bókað kynningu með því að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700 eða sent tölvupóst á sandra@vr.is.



MIKIL ÁNÆGJA MEÐ RAFRÆN NÁMSKEIÐ OG FYRIRLESTRA

Rafræn námskeið og fyrirlestrar VR hafa slegið í gegn hjá félagsmönnum og nú í janúar 2021 hafa yfir 750 félagsmenn nýtt sér þessa þjónustu. Hádegisfyrirlestrarnir hafa verið mjög vinsælir og líklegt að VR haldi áfram að bjóða uppá þá rafrænt enda fleiri sem nýta sér þjónustuna nú en þegar hún var veitt á staðnum. Fyrirlestrunum hefur verið streymt út á ákveðnum tíma en sveigjanleiki til þess að horfa og hlusta hefur verið aukinn með því að hafa þá opna út útsendingardaginn á vr.is/streymi. Þannig geta félagsmenn annarra félaga innan LÍV einnig notið þessarar þjónustu. Daginn eftir útsendingardag fara fyrirlestrarnir svo inn á Mínar síður VR. Rafrænu námskeiðunum hefur einnig verið vel tekið. Helsti munur á rafrænum fyrirlestri og námskeiði hjá VR er að námskeiðin fara fram í gegnum samskiptaforritið Zoom og eru gagnvirk á meðan fyrirlestrunum er einungis streymt út til áhorfs og hlustunar. Hugsunin er sú að rafrænt námskeið eigi að vera eins líkt því að mæta á staðinn og hægt er og þátttakendur fá mest út úr námskeiðunum með því að gefa sér góðan tíma og taka virkan þátt á meðan á námskeiði stendur. VR hefur lagt mikinn metnað í að breyta þessari þjónustu yfir á rafrænt form og því einstaklega ánægjulegt hversu vel félagsmenn hafa nýtt sér þjónustuna.



AÐALFUNDUR VR

Aðalfundur VR verður haldinn á **Hilton Reykjavík Nordica** miðvikudaginn **24. mars næstkomandi og hefst kl. 19.30**. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf.

ÞARFTU AÐSTOÐ VIÐ SKATTFRAMTALIÐ? EINSTAKLINGSRÁÐGJÖF

9. og 10. mars kl. 8:30-16:00

Leiðbeinandi: Guðrún Björg Bragadóttir, sérfræðingur hjá KPMG

Félagsmönnum VR býðst að nýta sér einstaklingsaðstoð sérfræðings KPMG við skattframtalið. Aðstoðin mun vera í boði 9. og 10. mars frá kl. 8:30-16:00. Hver tími verður 15 mínútur. Aðstoðin verður einungis í boði sem fjaraðstoð vegna aðstæðna. Einstaklingar geta valið um hvort þeir vilja símtal eða fund í gegnum fjarfundarbúnað. Nauðsynlegt er að vera búin/n að skrá sig með a.m.k tveggja daga fyrirvara. Könnun um hvora leiðina fólk vill velja verður send daginn fyrir aðstoðina.



ÁR FRÁ VINNUTÍMASTYTTINGU

Vinnutímastytting hjá félagsmönnum VR tók gildi fyrir rúmu ári síðan, þann 1. janúar 2020, en samið var um fasta 45 mínútna styttingu á viku í kjarasamningum félagsins árið 2019. Útfærsla styttingar var í höndum hvers vinnustaðar fyrir sig og var samkomulag milli atvinnurekenda og starfsfólks á grundvelli eftirfarandi kosta:

- Hver dagur styttist um 9 mínútur.
- Hver vika styttist um 45 mínútur.
- Styttingin safnast upp innan ársins.
- Vinnutímastyttingu með öðrum hætti.

VR réðst í mikla kynningarherferð á vinnutímastyttingu á sínum tíma og opnaði vefsíðu með öllum helstu upplýsingum fyrir félagsmenn sína. Þar má finna spurt og svarað um vinnutímastyttingu, tillögur að útfærslum, greinar og viðtöl ásamt öðru fróðlegu efni. **Sjá nánar á vr.is**.

RAFRÆN NÁMSKEIÐ FYRIR FÉLAGSMENN

Líkt og margir þjónustuaðilar hefur VR þurft aðlaga sig að breyttum aðstæðum í samfélaginu og hefur því brugðið á það ráð að bjóða upp á rafræna fyrirlestra og námskeið í stað þeirra hefðbundnu sem krefjast þess að félagsmenn mæti á staðinn. Skráning fer fram á vr.is.

SJÖ SKREF Í SKIPULAGI SEM KOMA OKKUR Á SPORIÐ – BYRJUM HEIMA!

16. mars 9:00-10:30

Leiðbeinandi: Virpi Jokinen, vottaður skipuleggjandi og stofnandi Á réttri hillu.

Á þessu námskeiði skoðum við nokkra hluti sem við höfum stjórn á og getum framkvæmt á eigin heimili til þess að auka virkni okkar og vellíðan. Alls staðar má finna góða lausn og gott skipulag. Langar þig að búa til pláss og koma auga á möguleika heimilisins, grisja það sem hefur lokið hlutverki sínu? Öll þráum við að ná stjórn á umhverfi okkar og njóta þess sem við eigum heima fyrir. Þegar maður hugsar um sum verkefni sem maður stendur frammi fyrir en veit ekki hvar á að byrja, fallast manni stundum hreinlega hendur. Öll getum við lent í því að vera einn daginn stödd þar í lífinu að verkefnin virðast óyfirstíganleg og óvíst á hverju skuli byrja. Í beinu framhaldi af hádegisfyrirlestrinum fjallar Virpi Jokinen skipuleggjandi um sjö atriði sem gott er að hafa í huga þegar leitast er við að auka virkni okkar heima fyrir og þar með auka ánægju og einbeitingu.


Námskeiðið verður haldið rafrænt á Zoom, er gagnvirkt og þess vegna einungis aðgengilegt á auglýstum tíma. Nánari leiðbeiningar og hlekkur á námskeiðið verða send á skráða þátttakendur daginn fyrir námskeið.

HUGARFAR, HVERNIG LÆTUR ÞÚ ÞAÐ VINNA MEÐ ÞÉR?

23. mars kl. 09:00-10:30

Leiðbeinandi: Marta Gall Jörgensen og Sóley Kristjánsdóttir, sérfræðingar á sviði mannauðsmála hjá Gallup.

Hugarfar hefur mikil áhrif á hvernig við tökumst á við þau verkefni sem við stöndum frammi fyrir hverju sinni. Grósku hugarfar (e. growth mindset) einkennist af því viðhorfi að við getum vaxið og lært af reynslunni og tekið þannig framförum. Með því einfaldlega að spyrja þig hvaða lærdóm hægt sé að draga af reynslunni þá opnar þú huga þinn fyrir grósku hugarfari. Hugarfar grósku eflir okkur og gerir okkur kleift að ráða betur við mótlæti. Við erum tilbúnari til að takast á við áskoranir og breytingar, erum framsýnni, meira skapandi og náum frekar markmiðum okkar, en ef svokallað fastheldið hugarfar (e. fixed mindset) er ríkjandi. Marta er sálfræðingur að mennt og Sóley með BA í sálfræði og MS í mannauðsstjórnun og í fyrirlestrinum fara þær yfir gróskuhugarfar sem er á allra færi að tileinka sér, hafi þeir áhuga á og réttu tækin og tólin.



Námskeiðið verður haldið rafrænt á Zoom, er gagnvirkt og þess vegna einungis aðgengilegt á auglýstum tíma. Nánari leiðbeiningar og hlekkur á námskeiðið verða send á skráða þátttakendur daginn fyrir námskeið.

AÐ VERA STOPP Í RÚSSÍBANA – HVAÐ HÖFUM VIÐ LÆRT Í COVID?

20. apríl kl 9:00-10:30

Leiðbeinandi: Sirrý Arnardóttir, stjórnendaþjálfari, rithöfundur og kennari við Háskólann á Bifröst.

Framtíðarvinnumarkaðurinn er núna. Covid henti okkur enn hraðar inn í fjórðu iðnbyltinguna og nú er komið að því að við spyrjum okkur hvernig lífi við viljum lifa í kjölfar Covid? Ætlum við til dæmis beint aftur að vinna okkur til húðar þegar allt fer af stað á ný? Á þessu námskeiði fer Sirrý yfir hvaða hæfileikar eru æskilegir í fjórðu iðnbyltingunni og hvort hægt sé að skapa sér verkefni, hafa trú á sér, standa með sér og lifa í sátt þegar rússíbaninn fer aftur af stað. Sirrý á 30 ára farsælan fjölmiðlaferil að baki og hefur skrifað bækur þar sem fjallað er um hvernig við getum laðað að okkur það góða, orðið öruggari og betri í samskiptum. Námskeiðið verður í formi fyrirlestrar og umræðna í bland.

Námskeiðið verður haldið rafrænt á Zoom, er gagnvirkt og þess vegna einungis aðgengilegt á auglýstum tíma. Nánari leiðbeiningar og hlekkur á námskeiðið verða send á skráða þátttakendur daginn fyrir námskeið.



EKKI GLEYMA ÞÉR

Könnunin á Fyrirtæki ársins 2021 er hafin.

Á þessum tímum kórónuveirunnar er gríðarlega mikilvægt að starfsfólk láti stjórnendur vita af líðan sinni og viðhorfi í vinnunni. Þess vegna viljum við hvetja alla félagsmenn til að svara könnun VR á Fyrirtæki ársins sem nú stendur sem hæst. Heppnir svarendur geta að auki dottið í lukkupottinn og unnið glæsilega vinninga, þar á meðal Iphone 12 og Airpods. Þú getur nálgast könnunina á Mínum síðum.

VR hefur kannað aðbúnað félagsmanna sinna og viðhorf þeirra árlega í meira en tvo áratugi. Allir félagsmenn VR fá senda könnun um Fyrirtæki ársins en fjöldi fyrirtækja tryggir að auki öðru starfsfólki sínu þátttökurétt í könnuninni, óháð því í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Í ár fær allt starfsfólk ríflega 100 fyrirtækja tækifæri til að taka þátt og er könnunin því send til um 40 þúsund starfsfólks. Könnun VR á Fyrirtæki ársins er þannig ein viðamesta vinnumarkaðskönnun sem gerð er á Íslandi.

UM HVAÐ ER SPURT?

Í könnuninni er spurt um viðhorf til níu lykilþátta í starfsumhverfi svarenda. Þættirnir eru stjórnun fyrirtækisins, starfsandi á vinnustaðnum, launakjör, vinnuaðstaða, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækisins, jafnrétti og að síðustu ánægja og stolt af vinnustaðnum. Gefin er einkunn fyrir hvern lykilþátt og saman mynda þær heildareinkunn fyrirtækis. Ítarleg umfjöllun um þættina og þróun þeirra er á vefsíðu VR, vr.is.

FIMMTÁN FYRIRTÆKI VINNA TITILINN EFTIRSÓTTA

Fyrirtækjum er skipt í þrjá flokka eftir stærð. Fimm efstu fyrirtækin í hverjum stærðarflokki fá titilinn Fyrirtæki ársins, alls fimmtán fyrirtæki. Fyrirtækin í fimmtán efstu sætunum fá viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki. Eingöngu fyrirtæki sem tryggja öllu starfsfólki sínu þátttökurétt koma til greina í vali á Fyrirtæki ársins.

Könnunin veitir starfsfólki mikilvægan vettvang til að tala við stjórnendur sinna vinnustaða, hrósa því sem vel er gert en benda jafnframt á það sem þarf að laga. Niðurstöðurnar eru þannig mælikvarði á frammistöðu stjórnenda fyrirtækja og nýttar til að veita þeim fyrirtækjum sem standa sig vel í mannauðsmálum viðurkenningu fyrir vel unnin störf og hvetja önnur til aðgerða.

En niðurstöður í könnun VR á Fyrirtæki ársins eru meira en bara viðurkenning til fyrirtækja. Þær gefa félagsmönnum og starfsfólki á almenna vinnumarkaðnum upplýsingar um starfskjör í fyrirtækjum og viðhorf starfsfólks þeirra sem og þróun á vinnuaðstæðum. Þær gefa VR einnig dýrmætar upplýsingar um hvar hallar á félagsmenn og hvernig kjarabaráttan hefur skilað árangri. Niðurstöður könnunarinnar eru mikilvægt innlegg í kjaraviðræður og renna fleiri stoðum undir starfsemi og þjónustu félagsins.

VILTU VINNA **IPHONE 12** EÐA **RAFMAGNSHLAUPAHJÓL?**

Taktu þátt í könnuninni um Fyrirtæki ársins 2021 og þú gætir unnið glæsilega vinninga!

Þú færð að vita strax hvort þú hefur unnið en meðal vinninga eru rafmagnshlaupahjól, Airpods og gjafabréf hjá Íslandshótelum. Í lok könnunarinnar verða svo dregnir út þrír Iphone 12. Það margborgar sig að taka þátt!

















Við sættum okkur
ekki við að tími
sumra sé álitinn
verðmætari
en annarra …







– **lífsgæði** sem við höfum
barist fyrir í **130 ár.**

VR 130 ÁRA

STUÐNINGSLÁN TIL HJÁLPAR HEIMILUM Í LANDINU

FÉLAGSMÁL




VR hefur unnið að hugmynd um stuðningslán fyrir fjölskyldur og heimili og kynnti lánin í nóvember síðastliðnum. Markmiðið með lánunum er að tryggja húsnæðis- og afkomuöryggi fyrir heimili sem hafa orðið fyrir atvinnu- og tekjumissi vegna kórónuveirufaraldursins.

Lagt er til að stuðningslánin verði með 100% ríkisábyrgð og fjármögnuð af Seðlabanka Íslands. Fjármálastofnanir afgreiða stuðningslánin til einstaklinga sem taka mið af stöðu hvers og eins. Lagt er til að einstaklingar geti óskað eftir greiðslumati frá sínum viðskiptabanka sem sýni greiðslugetu viðkomandi bæði fyrir og eftir tekjusamdrátt. Til að fá greiðslumat þarf einstaklingur að sýna fram á samdrátt í tekjum með viðeigandi gögnum. Í framhaldinu setur bankinn upp lánalínu, án afborgana, í samvinnu við lántaka, þar til atvinnuþátttaka lántaka hefst á ný eða í allt að 18 mánuði frá fyrsta ádragi, að hámarki 4.500.000 kr. Upphæð ádreginnar lánalínu að loknum 18 mánuðum er breytt í skuldabréf með vöxtum sem taka mið af ríkisbréfaflokknum RIKB 31 og jöfnum afborgunum einu sinni á ári til 10 ára.


Hugmynd VR að stuðningslánunum er ákall til stjórnvalda að taka í taumana og koma til móts við fjölskyldur sem hafa orðið fyrir tekjumissi sökum kórónuveirufaraldursins. Stuðningslánin voru fyrst kynnt í nóvember en ríkisstjórninni virðist ætla að miða hægt áfram í aðgerðum sínum til heimilanna. Þegar komið var fram í febrúar brá félagið þá á það ráð að fara í kynningarherferð á stuðningslánunum og útbjó auglýsingar til birtingar í sjónvarpi, vefmiðlum og í útvarpi. Það er von félagsins að stjórnvöld taki við sér og komi fólkinu í landinu til aðstoðar á þessum fordæmalausu tímum.

Hægt er að lesa meira um stuðningslánin á **vr.is/studningur**.

STUÐNINGSLÁN











HÁTÍÐARHÖLD Í TILEFNI 130 ÁRA AFMÆLIS VR

VR hélt upp á 130 ára afmæli félagsins þann 27. janúar síðastliðinn í skugga heimsfaraldursins COVID-19 sem óneitanlega setti mark sitt bæði á umgjörð og framkvæmd afmælishátíðarinnar.

Við hefðum svo gjarnan viljað bjóða VR félögum í afmæliskaffi með hátíðardagskrá í tilefni svo stórs afmælis en það þarfnast vart skýringar að slíkt var ekki aðeins útilokað heldur beinlínis ólöglegt á þessum skrítnu tímum sem við vonum að verði sem fyrst að baki.

Það er því tímanna tákn að VR hélt að mestu upp á þennan merkisdag með stafrænum hætti þar sem bar hæst sérstaka hátíðardagskrá sem send var út í streymi á vef VR og á visir.is. Þar flutti formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, hátíðarávarp þar sem hann tengdi saman hagsmunabaráttu fyrri tíma við þau brýnu baráttumál sem helst eru á döfinni í dag í bland við áhugaverð viðtöl Sigmars Guðmundssonar fjölmiðlamanns við alla núlifandi fyrrum formenn VR að Guðmundi H. Garðarssyni undanskildum sem ekki átti heimangengt. Þar birtist sem rauður þráður í því sem fyrrum formenn höfðu að segja að réttindi þau sem áunnist hafa með verkalýðsbaráttu síðustu 130 ára féllu ekki af himnum ofan heldur þurfti að hafa fyrir hverju framfaraskrefi oftar en ekki með svita og tárum. Réttindi sem kynslóðin í dag telur sjálfsögð en voru aldeilis













ekki sjálfgefin á fyrri tíð svo sem réttur til orlofs, veikindaréttur, réttur til atvinnuleysisbóta eða réttur um hvíldartíma svo fátt eitt sé nefnt. Rúsínan í pylsuenda hátíðardagskrárinnar var svo frumflutningur á stórskemmtilegu lagi um VR sem samið var og flutt af „vandræðaskáldunum" Sesselíu Ólafsdóttur og Vilhjálmi Bergmann Bragasyni.

Það sem gerði viðtölin við formenn VR svo skemmtileg var að þau voru tekin upp í húsinu þar sem stofnfundur VR var einmitt haldinn fyrir nákvæmlega 130 árum þann 27. janúar árið 1891. Þetta hús stóð áður við Lækjargötu 4 en er nú varðveitt á Árbæjarsafni en stofnfundurinn var haldinn í sal veitingahússins Hermes sem starfrækt var í húsinu á þeim tíma. Það lá því beint við að halda sérstakan hátíðarfund stjórnar VR í sama sal í þessu húsi í Árbæjarsafni að kvöldi afmælisdagsins. Í upphafi fundar ávarpaði Drífa Snædal forseti ASÍ fundarmenn og sagði stuttlega frá sögu VR og afhenti síðan félaginu listaverk að gjöf í tilefni dagsins. Stjórn VR fylgdist síðan af áhuga með beinni útsendingu hátíðardagskrárinnar og að því loknu voru tvö mál á dagskrá sem var samþykkt byggingar 33 leiguíbúða fjölbýlishúss í gegnum Blæ leigufélag og síðan að samþykkja kaup á fjórum nýjum orlofshúsum fyrir VR félaga í Hálöndum Akureyrar. Óhætt er að segja að það hafi verið glæsileg afmælisgjöf sem ber að fagna.

Til að kóróna afmælið hefur félagið svo látið framleiða sérstaka afmælisauglýsingu þar sem litið er yfir farinn veg og myndum úr fortíðinni brugðið upp með sérstakri skírskotun til þess hve dýrmætur tíminn er okkur öllum.

Við munum minna VR félaga á þessi tímamót allt afmælisárið með birtingu auglýsingarinnar og auk þess sem notað verður sértakt VR 130 ára merki allt árið. Ef aðstæður leyfa er svo einnig stefnt að því að geta boðið VR félögum að koma og skoða Árbæjarsafnið um næstu verslunarmannahelgi og þá auðvitað sérstaklega húsið sem áður stóð við Lækjargötu 4 og hýsti stofnfund félagsins okkar sem borið hefur svo ríkulegan ávöxt á 130 viðburðarríkum árum.

ÁTT ÞÚ RÉTT Á AÐ FÁ NÁMSGJALDIÐ ENDURGREITT?

Ef þú ert félagsmaður í VR, FVSA, verslunardeild stéttarfélags eða með fyrirtæki í SA, þá átt þú rétt í Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks.

EINSTAKLINGSSTYRKIR

STARFSMENNTASTYRKUR

90% af skráningargjaldi – hámark 130.000 kr. á ári.

- Starfstengd námskeið.
- Starfstengd netnámskeið.
- Almennt nám til eininga.
- Nám/námskeið sem veita aukin starfsréttindi.
- Tungumálanámskeið.
- Sjálfstyrkingarnámskeið innanlands (sem er ekki hluti af meðferðarúrræði).
- Ráðstefnur sem tengjast starfi umsækjanda.
- Stjórnendaþjálfun/starfstengd markþjálfun.

FERÐASTYRKUR

50% af fargjaldi – hámark 40.000 kr. á ári.
Dregst frá hámarksstyrk.

- Þegar félagsmaður þarf að ferðast meira en 50 km til þess að komast frá heimili til fræðslustofnunar getur hann sótt um ferðastyrk.

TÓMSTUNDASTYRKUR

50% af námskeiðsgjaldi – hámark 30.000 kr. á ári.
Dregst frá hámarksstyrk. Hefur ekki áhrif á uppsöfnun.

- Námskeið sem hafa skilgreint upphaf, endi og leiðbeinanda.
- Aðeins er hægt að sækja um styrk vegna tómstundanámskeiða sem haldin eru innanlands.

STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

FYRIRTÆKJASTYRKIR

STYRKIR VEGNA NÁMSKEIÐAHALDS

Fyrirtæki með starfsmenn sem eru félagsmenn VR/LÍV geta sótt um styrk vegna náms og fræðslu starfsmanna.

LÆKKAÐ IÐGJALD

Fyrirtæki með starfsmenn innan VR/LÍV geta sótt um lækkun á greiddu iðgjaldi til sjóðsins úr 0,3% í 0,1%.

FRÆÐSLUSTJÓRI AÐ LÁNI

Fræðslustjóri að láni er árangursmiðað verkfæri sem miðar að því að samhæfa og nýta lausnir sem þegar eru til. Verkefnið byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sérhæfðan í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun.

SAMEIGINLEGUR STYRKUR EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKJA

Félagsmanni og fyrirtæki gefst kostur á að sækja um sameiginlegan styrk til sjóðsins ef nám félagsmanns kostar 200.000 kr. eða meira. Þá er réttur einstaklings og réttur fyrirtækis nýttur á móti hvor öðrum. Umsókn er afgreidd eftir reglum sjóðsins um starfstengda styrki.

HVAR SÆKI ÉG UM STYRK Í STARFSMENNTASJÓÐ?

EINSTAKLINGAR

Í gegnum Mínar síður á vr.is eða hjá þínu stéttarfélagi ef þú ert í félagi innan LÍV.

FYRIRTÆKI

Í gegnum attin.is sem er sameiginleg umsóknargátt nokkurra starfsmenntasjóða.

STARFS-
MENNTAMÁL

VISSIR ÞÚ AF LEIÐ 3?

Þrjár leiðir til að sækja um styrk í Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóð verslunarinnar. **Einungis er hægt að sækja um eina leið af þessum þremur.**

Leið 1

Félagsmaður sækir nám/námskeið, greiddur reikningur er á nafni félagsmanns. Félagsmaður sækir um styrk hjá sínu stéttarfélagi. Félagsmenn VR sækja um á Mínum síðum á vr.is og láta greiddan reikning fylgja umsókn. Félagsmaður fær styrk greiddan á sinn reikning.

Leið 2

Fyrirtæki greiðir fyrir nám/námskeið félagsmanna og sækir um í sjóðinn vegna þeirra gegnum attin.is. Greiddur reikningur á nafni fyrirtækis fylgir með umsókn ásamt upplýsingum um þátttakendur náms/námskeiða. Fyrirtæki fær styrk greiddan á sinn reikning.

Leið 3


Sameiginlegur styrkur einstaklings og fyrirtækis. Einstaklingur sækir nám/námskeið og það skiptir ekki máli hvor greiðir reikninginn, einstaklingurinn eða fyrirtækið. Sótt er um sameiginlega í sjóðinn ef nám/námskeið kostar 200 þús. eða meira eða vegna diplómanáms í viðskiptafræði og verslunarstjórnun. Undirrituð yfirlýsing fyrirtækis verður að fylgja með umsókn. Einstaklingur sækir um hjá sínu stéttarfélagi, félagsmenn VR sækja um gegnum Mínar síður á vr.is og haka við sameiginlega umsókn. Einstaklingsumsóknin gildir einnig vegna styrks til fyrirtækisins. Umsóknir eru afgreiddar eftir reglum sjóðsins um starfstengt nám.

Við samþykkt umsóknar dregst styrkupphæðin af rétti bæði félagsmanns og fyrirtækis og greiðist inn á reikning beggja aðila. Hámarksstyrkur getur samtals orðið sem nemur hámarksrétti einstaklings og hámarksrétti fyrirtækis.

Sjá nánar ákvæði um hámarksstyrk og uppsafnaðan styrk einstaklinga og fyrirtækja á **starfsmennt.is**.

SAMEIGINLEGUR STYRKUR EINSTAKLINGS OG FYRIRTÆKIS

Einstaklingar sækja um styrk til VR eða síns stéttarfélags innan LÍV.



KOSTNAÐUR

Nám verður að kosta að lágmarki 200.000 kr.

REIKNINGUR

Það skiptir ekki máli hvort fyrirtæki eða einstaklingur greiðir reikninginn.

UMSÓKN

Einstaklingur sækir um styrkinn til VR eða stéttarfélags innan LÍV og sendir yfirlýsingu fyrirtækis með umsókn. Í yfirlýsingunni frá fyrirtæki skal koma fram að um sé að ræða sameiginlega umsókn og að námið sé hluti af starfsþróunaráætlun starfsmannsins.

AFGREIÐSLA

Miðað er við 50/50 við afgreiðslu sameiginlegs styrks en ef félagsmaður á uppsöfnun þá er hún nýtt fyrst og svo réttur fyrirtækis.

ÚTBORGUN

Styrkur greiðist inn á reikning félagsmanns og einnig inn á reikning fyrirtækis.

UPPHÆÐ STYRKS

Styrkur er aldrei hærri en 90% af námsgjaldi – hámark 130.000 kr. á hvern nema í uppsöfnun einstaklings, þá 390.000 kr. til einstaklings og hámark 130.000 kr. til fyrirtækis en þó aldrei hærri en 90% af námsgjaldi.

STARFS-
MENNTAMÁL

AUKIÐ SJÁLFSTRAUST EFTIR RAUNFÆRNIMAT

Fagnám og raunfærnimat í verslun og þjónustu fór af stað fyrir ári síðan og er þriðji hópurinn nú að hefja göngu sína í Verzlunarskóla Íslands í samstarfi við Mími. **Anna Baldyga** starfar í Krambúðinni Hófgerði. VR blaðið tók hana tali til þess að heyra hvernig henni finnst að fara í nám með vinnu og hvernig raunfærnimatið hjálpaði henni af stað.

Hvers vegna tókstu þá ákvörðun að fara í nám og raunfærnimat?

Mér fannst það frábært tækifæri til þess að ná að klára nám, vegna þess að ég fékk starfsreynslu mína metna með. Það er ótrúlegt hvað maður lærir mikið á sínum vinnustað og heldur að það sé einskis virði.

Hvernig heyrðir þú af þessum möguleika?

Frá framkvæmdastjóra mannauðasviðs hjá Samkaupum. Hún kynnti okkur fyrir raunfærnimati og Fagnámi verslunar og hvatti okkur til þess að skrá okkur. Ég þurfti ekki að hugsa mig tvisvar um að skrá mig.

Hvað er raunfærnimat?

Mat á hversu mikillar raunverulegar þekkingar og færni ég hef aflað mér á vinnuferli mínum.

Hvernig fór raunfærnimatið fram og hve langan tíma tók matsferlið?

Það fór fram í gegnum viðtal við fagkennara sem og námsráðgjafa og tók rúmlega tvær vikur.

Þurftir þú að greiða fyrir matið?

Nei, vinnuveitandi greiddi fyrir matið.

Lítur þú starfsframa þinn öðrum augum eftir að hafa farið í raunfærnimat?

Eftir hafa farið í raunfærnimat fékk ég aukið sjálfstraust varðandi vinnuna mína, vegna þess að það gerði mér ljóst hvað ég er raunverulega búin að afla mér mikillar þekkingar í gegnum árin.

Hvað ber framtíðin í skauti sér fyrir þig?

Já, ég hef áhuga að klára þetta nám og fara í háskólanám seinna.

Hvernig er að vinna í verslun?

Áhugavert og skemmtilegt en getur verið andlega og líkamlega krefjandi.

Hefur þú haldið áfram námi eftir raunfærnimatið?

Já fór í Fagnám verslunar- og þjónustu hjá Verzlunarskóla Íslands.

Hver er helsta togstreitan sem fylgir því að vera í námi og vinnu?

Helsta togstreitan er að ná að skipuleggja sig þannig að maður hafi nægan tíma til að sinna öllu sem þarf að sinna.



Hvað verðu mörgum klst. í námið á viku?


14-21 tíma á viku með heimanámi.

Hversu mikilvægur er stuðningur frá vinnustað til að geta stundað nám með vinnu?

Mjög mikilvægur, annars hefði það aldrei gengið upp. Ég er heppin með stuðning frá mínum vinnustað. Það eru allir svo skilningsríkir og tilbúnir að veita manni hjálp ef þess þarf! Það ætti vera svona á öllum vinnustöðum. Samkaup er alveg til fyrirmyndar þegar það kemur að hjálpa sínu fólki að þróast áfram!

Hvernig gengur að samræma fjölskyldu- og einkalíf við nám og starf?

Fer allt eftir skipulaginu en yfirleitt gengur nokkuð vel, en það getur verið krefjandi.



NÝTT EFNI UM STARFSÞRÓUN Á VEF VR

Ert þú að leita að áskorunum í starfi, viltu breyta til eða öðlast meira sjálfstraust í þeim verkefnum sem þú ert að sinna? Á vef VR geta félagsmenn nú fundið efni sem hefur það markmið að efla þá í starfi.

Starfsþróun snýst um að þróast í starfi þínu, staðna ekki heldur sjá tækifærin í að vaxa með verkefnunum. Starfsþróun þýðir ekki endilega að skipta um starf eða breyta um verkefni. Það gæti til dæmis verið að móta nýjar aðferðir við að sinna verkefnum. Stundum snýst starfsþróun um að fara í nám og bæta við sig þekkingu á nýju sviði. Starfsþróun er oftast samstarfsverkefni einstaklings og næsta yfirmanns. Starfsþróunarsamtöl á vinnustað eru góð leið til þess að vinna að starfsþróun. Besti árangurinn fæst með góðum undirbúningi.

Á vef VR um Starfsþróun er hægt að nálgast upplýsingar um alla þessa þætti og félagsmönnum bent á hvert þeir geti leitað í náms- og starfsráðgjöf.

STYRKLEIKAR OG HÆFNI

Á vef VR er nú efni sem þú getur nýtt þér til þess að koma styrkleikum þínum og hæfni í orð.

Þegar þú hefur komið styrkleikum þínum og hæfni í orð ertu betur undir það búin(n) að þróast í núverandi starfi eða sækja um nýtt starf. Leiðbeiningar okkar hjálpa þér að fá skýra mynd af því hvernig staðan er í dag og hvert þú vilt stefna.

FJÓRAR GÓÐAR ÁSTÆÐUR FYRIR AUKINNI MENNTUN

Ef þú ert að velta fyrir þér starfsþróun þá gæti aukin menntun verið svar fyrir þig. Á vef VR er að finna nýtt yfirlit yfir menntun á Íslandi. Vinnumarkaðurinn er í sífelldri þróun og það er mikilvægt að þú fylgist með og bætir markvisst við þig þekkingu svo þú verðir áfram álitlegur samstarfskraftur. Þróun hefur einnig áhrif á vinnugleðina og möguleikana á að fá ný verkefni, nýjar áskoranir og kannski nýja stöðu.

1. Vertu áfram verðmætur starfsmaður

Þegar vinnumarkaðurinn breytist og þróast hefur það líka áhrif á vinnustað þinn og verkefni og því er starfið þitt einnig í þróun. Ný tækni, nýir starfshættir og ný starfsemi kalla á nýjar væntingar og kröfur til hæfni þinnar. Hana ávinnur þú þér til dæmis með aukinni menntun.

2. Auknar líkur á hærri launum

Því meira sem þú menntar þig þeim mun betri eru möguleikarnir á að hækka í launum. Með aukinni menntun öðlast þú nýja hæfni sem er vinnustaðnum mikilvæg og það eru góð rök í launaviðtali.


3. Auktu möguleikana á að fá starf eða skipta um starf

Aukin menntun eykur möguleika þína á að fá draumastarfið, hvort sem þú ert þegar með vinnu og dreymir um annað starf eða ert atvinnulaus og í atvinnuleit.

4. Axlaðu meiri ábyrgð

Aukin menntun getur líka hjálpað þér áfram í núverandi starfi. Með aukinni hæfni fylgja möguleikar á að axla meiri ábyrgð og fá önnur verkefni. Með öðrum orðum er menntun möguleiki til að hafa áhrif á starfið þitt þannig að það sé sífellt áhugavert.

Sjá nánar á vr.is/starfsthroun



ALLSHERJAR-ATKVÆÐAGREIÐSLA Í VR 2021

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs formanns og stjórnar VR kjörtímabilið 2021-2023 hefst kl. 9:00 mánudaginn 8. mars 2021 og lýkur kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 12. mars 2021. Atkvæðagreiðslan er rafræn.

HVERJIR HAFA ATKVÆÐISRÉTT?

Atkvæðisrétt í kosningunum hafa allir fullgildir VR-félagar. Á kjörskrá eru einnig eldri félagsmenn (hættir atvinnuþátttöku vegna aldurs) sem greiddu eitthvert félagsgjald á 67. aldursári og höfðu greitt a.m.k. 50 mánuði af 60 síðustu fimm árin áður en þeir urðu 67 ára.

UPPLÝSINGAR TIL ATKVÆÐISBÆRRA FÉLAGSMANNA

Allir atkvæðisbærir félagsmenn fá sendar upplýsingar í tölvupósti um hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Upplýsingarnar verða einnig aðgengilegar á Mínum síðum. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er á vef VR. Þau sem ekki hafa aðgang að atkvæðaseðli en telja sig eiga rétt á þátttöku í atkvæðagreiðslunni geta sent erindi til kjörstjórnar á netfangið kjorstjorn@vr.is eða í pósti til Kjörstjórnar VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir lok kjörfundar. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

HVERNIG Á AÐ KJÓSA?

Til að kjósa ferðu á vef VR, vr.is, smellir á Kosningar í VR 2021-2023 og skráir þig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum. Þá opnast atkvæðaseðill í nýjum vafra og upplýsingar um hvernig þú átt að bera þig að við að greiða atkvæði. Ef þú ert ekki með Íslykil eða rafræn skilríki getur þú sótt um á island.is.

Rétt er að benda á að úthlutun sæta í stjórn á grundvelli niðurstöðu kosninganna fer fram með svokallaðri fléttuaðferð, þ.e. karlar og konur raðast til skiptis í sætin. Sjá nánar á bls. 17 þar sem 20. grein laga VR um kosningu til trúnaðarstarfa er birt í heild sinni.

FRAMBJÓÐENDUR

Kosið er á milli tveggja frambjóðenda til formanns og 11 frambjóðenda til sjö sæta í aðalstjórn til tveggja ára og þriggja sæta varamanna til eins árs. Kynning á frambjóðendum er hér í blaðinu og á vef félagsins, vr.is.

VOTING FOR THE POSITION OF PRESIDENT AND POSITIONS OF BOARD MEMBERS

VR will hold a secret ballot to elect board members for VR for the term 2021-2023. The voting will begin at 9:00 AM 8th March 2021 and will end at 12:00 noon on 12th March 2021.

WHO IS ENTITLED TO VOTE?

All VR members in good standing are entitled to vote. Also entitled to vote are senior members (retired) who paid some dues in their 67th year and paid dues for at least 50 of the 60 months from age 62 to 67. Access to electronic ballot papers is via the VR website. If you believe you are entitled to vote but do not have access to the ballot papers, please send a complaint to the VR election committee, VR, Kringlunni 7, 103, Reykjavík or by e-mail to VR's election committee kjorstjorn@vr.is, before the end of voting.

HOW TO VOTE?

The voting is electronic via the VR website, vr.is, please choose the button Elections in VR 2021-2023 (Kosningar í VR 2021-2023). To access the ballot papers you need either an Icekey (Íslykill) or E-Certificate (Rafræn skilríki), which you can apply for on the website island.is. Once you have logged on you will be directed to the ballot.

FRAMBJÓÐENDUR TIL FORMANS VR Í STAFRÓFSRÖÐ

CANDIDATES FOR THE POSITION OF PRESIDENT ARE, IN ALPHABETIC ORDER:

Helga Guðrún Jónasdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR VR Í STAFRÓFSRÖÐ

CANDIDATES FOR SEVEN SEATS ON THE EXECUTIVE BOARD ARE, IN ALPHABETIC ORDER:

Arnþór Sigurðsson
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfsdóttir
Jón Steinar Brynjarsson
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Sigmundur Halldórsson
Sigríður Hallgrímsdóttir
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Þórir Hilmarsson

Nánari upplýsingar um kosningar VR eru á vr.is
For further information please visit the VR website vr.is (in Icelandic only).

ÚR LÖGUM VR UM KOSNINGAR

KOSNINGAR 2021

20.1. UM KOSNINGU FORMANNS OG STJÓRNAR

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

20.2. UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn. Missi trúnaðarráðsmaður hæfi til setu í ráðinu sbr. 3. mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til eins árs.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á vef félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kanna kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

20.3. UM FRAMKVÆMD KOSNINGA

Kjörstjórn úrskurðar um lögmæti framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 1% félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan 6 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur, einn eða fleiri, meðal félagsmanna með frambjóðendum fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

20.4. UM KJÖRSEÐLA OG RÖÐUN Á LISTA

VIÐ KOSNINGU TIL STJÓRNAR:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

VIÐ KOSNINGU TIL TRÚNAÐARRÁÐS:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð.



Helga Guðrún Jónasdóttir

Fæðingardagur og ár
06. desember 1963

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
postur@helgagudrun.com

Vefsíða
helgagudrun.com/formannsblogg

Facebook
Helga Guðrún í formann VR

VINNUSTAÐUR, STARFSHEITI OG MENNTUN

Ég er um þessar mundir nemandi í vefmiðlun við Háskóla Íslands og hef samhliða náminu sinnt ýmsum hlutastörfum í afgreiðslu og þjónustu hjá Lyfju hf. Ég er stjórnmála- og fjölmiðlafræðingur að mennt.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM OG ÖNNUR STARFSREYNSLA

Ég er svo heppin að hafa fengið mörg skemmtileg tækifæri á vettvangi félagsmála. Svo að stiklað sé á því helsta, þá hef ég verið formaður Kvenréttindafélags Íslands og Landssambands sjálfstæðiskvenna, varaformaður Almannatengslafélags Íslands og stjórnarmaður m.a. í Samtökum auglýsenda og Landvernd. Ég hef átt sæti í ýmsum nefndum og ráðum hjá Kópavogsbæ, þar á meðal í félagsmálaráði, lista- og menningarráði og jafnréttisnefnd. Ég hef starfað í markaðs- og kynningarmálum undanfarin 30 ár ýmist sem upplýsingafulltrúi, ráðgjafi, kynningarstjóri eða samskiptastjóri.

HELSTU ÁHERSLUR

- Ég vil efla VR og setja nýjan kraft í kjarabaráttuna. Ég vil að kjarabarátta okkar skili kaupmáttaraukningu og raunverulegum kjarabótum.
- Ég vil skilja á milli stjórnmálastarfs og VR. Flokkapólitík á heima á Alþingi.
- Ég vil breikka umræðuna um lægstu laun og tengja neðstu launaþrep við lágmarksframfærslukostnað. Allir eiga að geta lifað á launum sínum.
- Ég vil að við festum norræna kjarasamningalíkanið betur í sessi, undirstöðu norræna velferðarkerfisins.
- Ég vil að við öxlum ábyrgð í loftslagsmálum. Okkur ber skylda til að skjóta sjálfbærum stoðum undir efnahags- og atvinnulíf landsmanna.
- Ég vil að VR standi vörð um það góða orðspor sem þetta frábæra 130 ára stéttarfélag býr að.
- Ég vil að VR verði áfram stærsta og öflugasta stéttarfélag landsins með breiðan hóp launafólks innanborðs. VR á að vera í þágu allra VR-félaga.

FRAMTÍÐIN ER NÚNA

Kæri VR-félagi. Mikilvægasta spurningin sem við þurfum að spyrja okkur í þessum kosningum snýr að VR og pólitíkinni.

Stéttarfélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna í samfélagi okkar og stjórnmálaflokkar líka. En eru verkefni og skyldur stéttarfélaga þau sömu og hjá stjórnmálaflokkum? Stutta svarið við því er nei. Hlutverk formanns og stjórnar VR er að berjast fyrir hagsmunum félagsmanna en ekki hagsmunum einhverra stjórnmálaflokka eða pólitískum skoðunum formannsins. Formaður VR á að vinna í þágu VR félaga.

STÉTTARFÉLAGSPÓLITÍK EÐA FLOKKAPÓLITÍK?

Vakni upp spurningar um tengsl stéttarfélags við stjórnmálaflokk, vekur það einnig upp spurningar um þá hagsmuni sem stéttarfélagið þjónar í raun. Sé starfsemi þess ekki gagnsæ að þessu leyti, tapar stéttarfélagið trúverðugleika og trúnaður getur brostið hjá þeim félagsmönnum sem ekki fylgja viðkomandi stjórnmálaflokki að málum. Þess vegna er svo mikilvægt að við aðgreinum með skýrum hætti annars vegar baráttuna fyrir bættum kjörum launafólks í VR (stéttarfélagspólitík) og hins vegar baráttuna fyrir því hvernig við viljum bæta þjóðfélagið og heiminn (flokkapólitík). Mikilvæg barátta í báðum tilvikum en af öndverðum meiði og að svo mörgu leyti ósamrýmanleg.

HLUTVERK FORMANNSINS?

Og enn er spurt um hlutverk formannsins. Er það í verkahring formanns VR að ráðskast með stjórnarmenn í Lífeyrissjóði verzlunarmanna? Hlutverk lífeyrissjóðsins er skýrt, að ávaxta iðgjöld og tryggja sjóðsfélögum lífeyri. Ef meiningin er hins vegar sú, að formaður geti hent stjórnarmönnum út og inn eftir því hvernig vindar blása í þjóðfélagsumræðunni, verður rekstrarábyrgð sjóðsins bæði ógagnsæ og óljós – og hætt er við að sjóðsfélagar fari einfaldlega annað með iðgjöld sín.

Er það hlutverk formanns VR að fella palladóma um stóra vinnustaði innan félagsins af því að viðkomandi formanni finnst umrætt fyrirtæki spillt? Er það hlutverk formanns VR að veita kjarabaráttu annarra stéttarfélaga en VR öflugan stuðning en yppa síðan öxlum þegar fjöldi VR-félaga á undir högg að sækja á stórum vinnustað? Er það skynsamlegt af formanni VR að koma með digurbarkalegar yfirlýsingar um gagnsleysi ASÍ og verða síðan fúll þegar hann verður undir í varaforsetakjöri sambandsins. Hér er stutta svarið enn og aftur nei. Hlutverk VR einskorðast við hagsmuni félagsins og hlutverk formannsins er að leiða það starf með hámarksárangur fyrir félagsmenn að leiðarljósi.

EFLUM VR OG SETJUM NÝJAN KRAFT Í KJARABARÁTTUNA

Við verðum að víkka umræðuna um lægstu launin og miða hana út frá lágmarksframfærslu – allir eiga að geta lifað á launum sínum. Það er hin ófrávíkjanlega krafa.

Huga verður markvisst að stöðu og virkni markaðslaunakerfisins. Innviðir þess þurfa að vera í stöðugri endurskoðun og þróun og félagsmenn vel upplýstir um framgang þess, svo að kerfið nýtist félagsmönnum sem skyldi í sókn til betri kjara.

Við þurfum að festa norræna kjarasamningslíkanið í sessi hér á landi, eina helstu stoð norræna velferðarkerfisins. Það er ein af meginforsendum þess að launahækkanir skili auknum kaupmætti, raunverulegri kjarabót.

Öxlum ábyrgð í loftslagsmálum. Vinnumarkaðurinn gegnir lykilhlutverki fyrir kolefnishlutlaust Ísland. Okkur ber skylda til að skjóta sjálfbærum stoðum undir efnahags- og atvinnulíf landsmanna.

Við verðum að ræða þær umfangsmiklu breytingar sem eru að eiga sér stað í kjölfar fjórðu iðnbyltingarinnar og kalla á aukinn sveigjanleika menntakerfis og vinnumarkaðar. Á næstu 10-15 árum munu 35% starfa taka miklum breytingum og allt að 85% einhverjum breytingum.

Við þurfum að berjast áfram af einurð gegn kynbundnum launamun og halda umræðunni um hlut kvenna í stjórnunarstöðum vakandi.

Við þurfum að endurskoða sjúkrasjóðskerfið okkar og ná aftur upp 9 mánaða veikindarétti. Þeir 7 mánuðir sem eru nú í boði eru ekki nóg ef alvarleg veikindi knýja dyra.

Við þurfum að skoða starfsmenntasjóðinn og það umhverfi sem hann starfar innan. Hvernig er hann að nýtast VR-félögum, til dæmis upp eftir aldursstiganum?

Og síðast en ekki síst þá þurfum við að halda vöku okkar á COVID-vaktinni. Rýna verður bótakerfið til gagns og koma heilsteyptara stuðningskerfi á laggirnar. Þá verður að lengja bótaréttinn, laga hann að núverandi aðstæðum, fjölga störfum og auka svigrúm atvinnuleitenda til starfs- eða endurmenntunar.

Þar með er þó ekki nema hálf sagan sögð ... meira á helgagudrun.com Mundu að kjósa. Það sem þú gerir í dag hefur áhrif á morgun. Framtíðin er núna.

Hlakka til að sjá þig í baráttunni!



Ragnar Þór Ingólfsson

Fæðingardagur og ár
17. maí 1973

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
ragnar@vr.is

VINNUSTAÐUR, STARFSHEITI OG MENNTUN

VR, formaður VR, Fjölbrautaskólinn Breiðholti. Ég hef eytt síðastliðnum 14 árum í að stúdera lífeyrissjóðakerfið og samspil þess við almannatryggingar ásamt því að kortleggja völd og spillingu í íslensku samfélagi með áherslu á tengslanet verkalýðshreyfingarinnar, stjórnmála, atvinnulífs og sérhagsmuna. Hef sótt fjölda námskeiða hér heima og erlendis á sviði sölu og innkaupastýringar með áherslu á tæknibreytingar í verslun og þjónustu. Sótt fjölda námskeiða og fyrirlestra á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar bæði hér heima og erlendis.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM OG ÖNNUR STARFSREYNSLA

Starfaði í Erninum 1992–2016, fyrst með skóla en síðstu árin sem sölustjóri, var í stjórn VR frá 2009 til 2017 og formaður VR frá 2017 til dagsins í dag. Er formaður Landssamband íslenzkra verzlunarmanna frá 2019, er stjórnarmaður í VIRK, á sæti í miðstjórn ASÍ og er þriðji varaforseti. Ég kom að stofnun Hagsmunasamtaka heimilanna árið 2009 og sat þar í stjórn. Hef setið í stjórnum sprotafyrirtækja og var í stjórn Rannsóknarseturs verslunarinnar. Ég sat í stjórn Borgarahreyfingarinnar þegar hún bauð fram til Alþingis, bauð mig fram með Dögun árið 2016, er einn af stofnendum í góðgerðarfélagsins Reykjavík Bacon festival, kom að stofnun Bjargs íbúðafélags og er varaformaður stjórnar. Ég hef gegnt fjölda trúnaðarstarfa fyrir VR og ASÍ síðustu 12 ár. Ég var í siðanefnd VR 2009 og tók virkan þátt í að koma kosningaréttinum til allra félagsmanna VR á sínum tíma. Sat í nemendaráðum Hólabrekkuskóla og Fjölbrautaskólans í Breiðholti og hef verið þátttakandi í fjölmörgum verkefnum sem tengjast góðgerðamálum.

HELSTU ÁHERSLUR

Að víkka út kjarabaráttu VR enn frekar og halda áfram baráttunni fyrir öllu því sem styrkir stöðu okkar og eykur lífsgæði. Valdefling félagsmanna og aukinn kraftur í starfsmenntamál er svarið við fjórðu iðnbyltingunni með atvinnulýðræði og meiri áhrifum launafólks á vinnustaðnum og að sjóðfélagar kjósi stjórnir lífeyrissjóða og takmarka aðkomu atvinnurekenda að öllu leyti. Ég mun berjast fyrir öllu því sem áhrif hefur á lífskjör okkar frá degi til dags. Ég mun beita mér fyrir enn styttri vinnuviku, lækkun vaxta og beita mér sérstaklega í húsnæðismálum, mannsæmandi lánakjörum og samfélagslegum verkefnum sem bæta lífsgæði okkar og komandi kynslóða. Ég mun halda áfram að beita mér sérstaklega í málefnum þeirra sem misst hafa vinnu og þrýsta á aðgerðir sem tryggja afkomuöryggi þeirra. Ég mun berjast gegn öllum tilraunum til að veikja stöðu launafólks og samningsrétt okkar sem er ein stærsta áskorun verkalýðshreyfingarinnar framundan. Ég mun fyrst og síðast vera til staðar fyrir ykkur öll.

Ánægja félagsmanna VR mælist í hæstu hæðum. Okkur hefur tekist að auka tiltrú almennings á verkalýðshreyfinguna, sem skrapaði botninn í trausti í íslensku samfélagi. Það var ekki sjálfgefið að það tækist.

Kosningarnar munu lita stéttabaráttuna næstu árin. Viljum við áframhaldandi öfluga forystu og öfluga réttindabaráttu, sameinuð og sterk? Eða viljum við reka fleig á milli stétta og tekjuhópa og draga þannig úr samtakamætti heildarinnar? Samtakamætti sem hefur skilað okkur svo miklu í gegnum tíðina.

Viljum við feta aftur í spor Salek samkomulagsins sem byggir á norrænu módeli? Módeli sem hefur orsakað að félagsaðild á norðurlöndunum hefur verið í frjálsu falli síðustu ár? Módeli sem byggir á trausti sem er ekki til staðar í íslensku samfélagi?

VR er stærsta félagið. Okkur hefur tekist að sameina ólíka hagsmuni ólíkra hópa innan okkar raða. Við gerum það þannig að lýðræðið ræður för.

Í aðdraganda síðustu kjarasamninga tóku 3.600 félagsmenn þátt í að móta kröfugerðina, fleiri en nokkru sinni fyrr. Kröfugerð sem tók til ólíkra þátta og ólíkra hópa. Er ekki betri leið að kalla eftir umboði og skoðunum heildarinnar en að lofa tilteknum hópum einhverju sem tæplega er hægt að standa við?

Stefna félagsins er ekki einkamál formanns heldur vilji fjöldans. Niðurstaða sem samninganefndin fylgir svo eftir gagnvart viðsemjendum okkar. Allir geta tekið þátt sem vilja.

Félagsmenn VR eiga alltaf síðasta orðið.

Lækkun vaxta hefur skilað stórum hópum okkar félagsmanna gríðarlegum kjarabótum. Sem dæmi má nefna að lækkuð greiðslubyrði lána sem nemur um 70 til 80 þúsund krónum á mánuði jafngildir um 120 þúsund króna launahækkun. Til viðbótar við þær hækkanir sem kjarasamningurinn þó skilar. Þetta sannar mikilvægi þess að ráðast gegn auknum kostnaði við að lifa samhliða því að hækka laun eða bæta lífskjör með öðrum hætti.

Hvernig verður reikningnum fyrir Covid úrræði stjórnvalda skipt?

Á hvaða forsendum verður viðsnúningurinn og þær breytingar sem eru framundan vegna fjórðu iðnbyltingarinnar?

Raunveruleg valdefling félagsmanna okkar er lykillinn í þeirri vegferð.

Atvinnulýðræði: Við ætlum okkur að vera þátttakendur, en ekki áhorfendur, í þeim miklu breytingum sem nú eiga sér stað á vinnumarkaðnum.

Starfsmenntamálin: Við höfum nú þegar tekið forystu í starfsmenntamálum og komið á fót námi á framhaldsskóla- og háskólastigi fyrir verslunarfólk ásamt því að vinna að raunfærnimati svo eitthvað sé nefnt.

Lífeyrissjóðirnir: Sjóðfélagar eiga að kjósa stjórnir lífeyrissjóða og koma þannig ákvörðunarvaldinu til þeirra sem eiga sjóðina og taka markviss skref í að koma atvinnurekendum úr stjórnum þeirra. Eftir breytingar á stjórn LIVE árið 2019 er niðurstaðan sú að tvö síðustu uppgjörsár hafa verið þau bestu í sögu sjóðsins. Það er staðreynd.

Húsnæðismálin: Það er ekki nóg að lækka vexti hjá þeim sem eiga húsnæði því við verðum líka að tryggja fólki á leigumarkaði sambærilegt framfærslu- og búsetuöryggi. VR hefur tekið forystu í þeim efnum og mun halda því áfram.

Jafnréttismálin og umhverfið: Ég mun tryggja að félagið verði áfram leiðandi í baráttunni fyrir jafnrétti og vinna gegn launamun kynjanna ásamt því að vera leiðandi stéttarfélag í umhverfismálum.

Eldri félagsmenn: Við höfum tekið slaginn víða og eitt af því sem ég er stoltastur af er að VR tók af skarið með Gráa hernum og tekur þátt í og kostar málsókn gegn ríkinu vegna skerðinga á ellilífeyri. Við munum halda áfram baráttunni fyrir bættum kjörum þeirra sem ruddu brautina.

Unga fólkið: Okkur tókst að vinna til baka fórnir, þegar unga fólkinu okkar 18 til 20 ára var fórnað á sínum tíma og fékk aðeins hlutfall af launum þeirra sem eldri voru. Þetta var leiðrétt í síðustu samningum. Ég tók einnig virkan þátt í að búa til hlutdeildarlánakerfið sem hjálpar ungu fólki og tekjulágum að komast inn á húsnæðismarkað.

Ég get lofað og lofað öllu fögru. En ég lofa fyrst og fremst að gæta hagsmuna félagsmanna VR. Allra félagsmanna VR.

Ég lofa því að félagsmenn okkar fái áfram að móta stefnu félagsins og kröfur gagnvart stjórnvöldum og samtökum atvinnulífsins. Ég lofa að láta ekki undan þrýstingi sérhagsmuna eða pólitískra afla. Og ég lofa að standa í lappirnar og fórna mér fyrir félagsmenn VR í einu og öllu.

Stöndum saman fyrir hvort annað og stöndum saman fyrir komandi kynslóðir og látum ekki sundra okkur eða reka fleig í okkar raðir. Alveg sama í hvaða tekjuhópum við erum eða hvaða menntun við höfum þá erum við ekkert án hvors annars.

Skilum samfélaginu á betri stað en við tókum við því og sínum samtakamáttinn í verki.

Stöndum saman.



Arnþór Sigurðsson

Fæðingardagur og ár
9. apríl 1966

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Hef starfað sem forritari hjá Prógramm ehf. síðastliðin tíu ár. Ég hef unnið ýmis störf í matvælaiðnaði, bæði í kjötvinnslum og verslun. Söðlaði síðan um og hóf störf í tölvugeiranum. Er menntaður kjötiðnaðarmaður og var jafnframt við nám á tölvubraut Iðnskólans í Reykjavík ásamt því að sitja nokkur námskeið við Háskólann í Reykjavík í tölvunarfræði.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Reynsla mín af félagsstörfum er margvísleg. Þegar ég var í iðnnámi tók ég virkan þátt í kjarabaráttu iðnnema, bæði með félögum mínum í iðnnemasambandinu og jafnframt á mínum vinnustað. Eftir iðnnámið hélt ég áfram þátttöku í kjaramálum með Félagi íslenskra kjötiðnaðarmanna. Einnig hef ég starfað innan íþróttahreyfingarinnar sem sjálfboðaliði, setið í stjórn og aðalstjórn Breiðabliks og var formaður Frjálsíþróttasamband Íslands í tvö ár. Á vettvangi sveitarstjórnarmála í Kópavogi hef ég lengst af setið í Velferðarráði bæjarins ásamt því að taka sæti sem varamaður í bæjarstjórn og bæjarráði Kópavogs. Síðust þrjú ár hef ég setið í stjórn VR. VR er stórt og öflugt félag og það skiptir máli hvaða fólk velst til stjórnarstarfa. Mig langar að halda áfram að vinna að framfaramálum fyrir hönd VR félaga og óska því eftir endurkjöri í þessum kosningum.

HELSTU ÁHERSLUR

Að standa vörð um réttindi og hagsmuni allra félagsmanna. Enn frekari stytting vinnuvikunnar. Launamun kynjanna verður að útrýma. Lægstu laun verði miðuð við að fólk geti lifað með reisn í samfélaginu. Hækkun persónuafsláttar. Gerður verði samfélagssáttmáli verkalýðshreyfingarinnar um að útrýma fátækt í landinu. Að lífeyrissjóðir fjárfesti í samfélagsverkefnum en ekki í bara atvinnulífinu. Að lífeyrissjóðirnir verði markvist dregnir út úr fjárfestingum í íslensku atvinnulífi. VR á að halda áfram að vinna ötullega húsnæðismálum með öðrum verkalýðsfélögum og skapa þannig heilbrigðan leigumarkað fyrir almenning með lágmarksávöxtun. Barist verði fyrir því að húsnæðisverð verði fjarlægt út úr vísitölum. Ég er ánægður með forystu Ragnars Þórs Ingólfssonar formanns VR. Hann hefur blásið nýju lífi í verkalýðshreyfinguna og gjörbylt ásýnd og áherslum félagsins með góðum árangri. Ég hvet því félaga mína í VR að styðja Ragnar Þór í kosningu til formanns.



Harpa Sævarsdóttir

Fæðingardagur og ár
08. maí 1971

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
harpasaev@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef unnið hjá Bílabúð Benna í afgreiðslu fyrir verkstæði, ráðgjöf, og reikningagerð, einnig hef ég unnið hjá Fastlandi bókhaldsstofu og sinnt þar bókhaldsstörfum ásamt því að vera launafulltrúi. Þar á undan vann ég hjá AD Travel einnig sem bókari ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Ég vann hjá Íshestum í nokkur ár og þar á undan hjá Flugfélaginu Atlanta í 15 ár. Ég var í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti en einnig var ég í námi hjá Promennt og svo í Endurmenntun Háskóla Íslands. Núna er ég í fjarnámi hjá Háskóla Reykjavíkur.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Árin 2014-2016 sat ég í stjórn VR, þar á eftir sem varamaður í eitt ár og svo aftur í stjórn frá árinu 2017 til dagsins í dag. Ég var kosin í Miðstjórn ASÍ í október 2018 og var formaður Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefndar innan ASÍ. Á þessum árum hef ég öðlast töluverða reynslu og góða innsýn í heildar starfsemi VR og um hvað félagið snýst. Ég hef setið í hinum ýmsu nefndum á vegum VR þann tíma sem ég hef verið hjá félaginu. Þar á meðal Orlofsnefnd, en orlofsmál eru eitthvað sem ég hef mikinn áhuga á. Einnig hef ég setið í Launanefnd, Vinnudeilusjóði, Laganefnd, Kjaramálanefnd auk Uppstillinganefndar vegna stjórnarsetu í Lífeyrissjóði Verzlunarmanna.

HELSTU ÁHERSLUR

Nái ég kjöri til setu í stjórn VR, þá mun ég áfram standa vörð um grunnréttindi félagsmanna s.s. kjarasamninga, orlofsréttindi, efla sjúkra- og starfsmenntasjóð. Einnig vil ég leggja áherslu á orlofssvæði félagsmanna ásamt því að kynna betur fyrir félagsmönnum þau réttindi sem fylgja jafn sterku og öflugu félagi sem VR er. Uppbygging orlofssvæða félagsmanna hefur verið mjög góð en lengi má gott bæta. Annað sem ég hef barist fyrir síðan ég var kosin og tók sæti í Orlofsnefnd er leyfi til að hafa gæludýr með sér í sumarbústaðina okkar og hefur verið bætt við fjölda húsa sem leyfa gæludýr.



Helga Ingólfsdóttir

Fæðingardagur og ár
13. desember 1961

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
helgai@hafnarfjordur.is

Facbook
Helga Ingólfsdóttir

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Bókari og bæjarfulltrúi. Ég bý að fjölbreyttri starfsreynslu, rak eigið fyrirtæki um árabil og hef mikla reynslu af rekstri og stjórnun. Var framkvæmdastjóri í innflutningsfyrirtæki í nokkur ár. Lauk verslunarprófi frá Verzlunarskóla Íslands, Rekstrar og viðskiptanámi frá Endurmenntun Háskóla Íslands og fékk réttindi sem Viðurkenndur bókari árið 2019.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Stjórn VR frá árinu 2013 ásamt fjölmörgum nefndar og trúnaðarstörfum fyrir félagið. Fulltrúi stjórnar í samninganefnd og formaður Umhverfisnefndar VR síðustu ár og fulltrúi VR í Miðstjórn ASÍ. Kjörin í stjórn Lífeyrissjóðs Verslunarmanna 2019. Fjölmörg trúnaðarstörf fyrir Sjálfstæðisflokkinn um árabil, formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Hafnarfirði frá 2007-2010 og varafomaður Kjördæmisráðs. Bæjarfulltrúi fyrir Hafnarfjarðarbæ frá 2010 og formaður Umhverfis- og framkvæmdaráðs og varaformaður Fjölskylduráðs. Stjórnarmaður í stjórn Strætó og félagi í Gildinu, félagskap eldri skáta.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef notið trausts félagsmanna til setu í stjórn VR frá árinu 2013. Á þessum árum hef ég öðlast dýrmæta reynslu sem mig langar að nýta áfram til hagsbóta fyrir félagsmenn fái ég til þess brautargengi. Barátta fyrir betri kjörum er viðvarandi verkefni sem tekur stöðugum breytingum í takt við þróun samfélagsins á hverjum tíma. Við viljum öll betri lífskjör án þess að ganga á hag komandi kynslóða og með því að skoða heildstætt hvað er til skiptanna á hverjum tíma er hægt að ná góðum árangri. Ég tel mikilvægt að áfram verði unnið heildstætt að því að kjör félagsmanna VR endurspegli virði vinnuframlagsins og hlutdeild í þeirri virðisaukningu sem þeir skapa með störfum sínum. Framundan eru stórar áskoranir sem snúa að áhrifum tæknibreytinga á störf í öllum geirum atvinnulífsins. Símenntun og endurmenntun þarf að vera í stöðugri mótun og auka þarf vinnustaðalýðræði og tryggja aðkomu starfsmanna að stefnumótun og ákvarðanatöku. Sveigjanleg starfslok og lífeyrisréttindi er hagsmunamál sem alla varðar. Upplýst umræða um lífeyrismál og skoðun á fyrirkomulagi og réttindastöðu þarf að fá aukið vægi í upplýsingagjöf félagsins til félagsmanna.



Jón Steinar Brynjarsson

Fæðingardagur og ár
17. október 1994

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
jon.steinar94@gmail.com

Facebook
jon.steinar94

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef unnið hjá Samkaupum við afgreiðslu í tæp sjö ár, þar af sem verslunarstjóri í Nettó Búðakór í Kópavogi í á þriðja ár. Alla mína starfstíð hef ég verið félagsmaður í VR (og VS fyrir sameiningu). Ég útskrifaðist úr fagnámi verslunar og þjónustu frá Verzlunarskóla Íslands 2020 og lauk stúdentsprófum frá sama skóla samhliða náminu. Ég var í fyrsta hópnum sem lauk þessu nýja fagnámi sem Verzlunarskólinn býður upp á í samvinnu við starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks en Samkaup var meðal fyrstu samstarfsaðila þessarar námsbrautar. Þá stundaði ég skiptinám við Colegio da Polícía Militar í Palmas, Tocantins í Brasilíu í eitt ár á vegum AFS skiptinemasamtakanna.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég iðkaði Taekwondo á yngri árum og var þjálfari í þeirri íþrótt í Keflavík og Grindavík. Þar þjálfaði ég ýmsa aldurshópa, börn á grunnskólaaldri, unglinga og einnig fullorðna.

HELSTU ÁHERSLUR

Tæknibreytingar eru um þessar mundir að gerbreyta starfsumhverfi verslunarfólks. Kröfur um hvers kyns færni fara vaxandi og því tel ég brýnt að efla starfsnám þannig að allir verslunarmenn sem vilja bæta hæfni sína til starfa geti sótt sér fræðslu án þess að þurfa að skerða kjör sín um leið. Ég kynntist þessu vel í fagnámi verslunar og þjónustu sem ég sinnti samhliða fullu starfi, en sú þekking sem ég aflaði mér í fagnáminu hefur reynst mér afar gagnleg. Ég tel að auka þurfi tækifæri til hvers kyns fagmenntunar verslunarfólks líkt og þekkist í löndunum í kringum okkur. Aukin hæfni gerir störfin verðmætari og getur þar með orðið eitthvert öflugasta tæki sem völ er á til að bæta kjörin. Um leið er fagmenntun og viðurkenning á fagþekkingu leið til að hefja verslunarstörf til vegs og virðingar.



Jónas Yngvi Ásgrímsson

Fæðingardagur og ár
17. febrúar 1963

Félagssvæði
Suðurland

Facebook
fb.me/jyasgrimsson

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef unnið hjá dk hugbúnaði ehf. frá 2006 sem ráðgjafi og sölumaður. Áður hef ég unnið sem markaðsstjóri á hóteli og kennt viðskiptagreinar hjá Tölvu- og verkfræðiþjónustunni og fleiri skólum. Ég er viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið virkur í VR sem stjórnarmaður VR á Suðurlandi frá 2017 og í trúnaðarráði VR frá 2017. Einnig er ég í trúnaðarráði lífeyrissjóðs VR frá 2019. Ég var kosinn í stjórn VR til eins árs árið 2020 og hef þar tekið þátt í ýmsum nefndarstörfum s.s. framtíðarnefnd, starfsmenntanefnd og húsnæðisnefnd. Ég er félagi í Lionsklúbbnum Dynk frá stofnun hans eða frá 2014. Þar hef ég tekið virkan þátt í félagsstarfinu og hef verið varaformaður og formaður. Að auki hef ég starfað með Lions á landsvísu og hef verið í umdæmisstjórn frá 2017. Sl. ár hef ég verið umdæmisstjóri hjá Lions í umdæmi 109A. Ég er félagi í Oddfellow stúkunni Atla á Selfossi. Innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps hef ég starfað í ýmsum nefndum s.s. skólanefnd, atvinnumálanefnd og er nú formaður umhverfisnefndar.

HELSTU ÁHERSLUR

Á þeim rúmu 30 árum sem liðin eru frá því ég hóf að vinna hefur mismunun á vinnumarkaði aukist mikið að mínu mati. Þetta er þróun sem þarf að stöðva og helst snúa við. Lífskjarasamningarnir sem gerðir voru eru fyrsta alvöru skrefið á þeirri leið. Eignaupptaka í kjölfar hrunsins 2008 bitnaði mest á þeim sem síst máttu við. Síðasta ár hefur Covid veiran lagt þungar byrðar á launafólk. Finna þarf leiðir til að koma til móts við launamenn á sama hátt og fyrirtæki hafa notið aðstoðar. Skoða þarf hvort hægt sé að aðstoða launþega með aðkomu bankakerfisins með t.d. aukinni frestun á afborgunum og breytingum á greiðsluskilmálum lána. Mín áherslumál eru að styðja við Lífskjarasamningana og þann stöðugleika sem þeir boða. Ég vil einnig vera virkur þátttakandi í að stuðla að því að allir geti lifað af launum sínum. Lækkun leiguverðs er liður í því og ég styð uppbyggingu óhagnaðardrifinna leigufélaga sem eina leið að því marki ásamt hækkun lágmarkslauna o.fl.



Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Fæðingardagur og ár
19. maí 1974

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
kristjana74@gmail.com

Facebook
facebook.com/VRstjorn

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Hef starfað hjá A4 í rúm 15 ár. Er með sveinspróf í hárskurði, hef lokið Skrifstofubraut 1 og 2 frá MK ásamt námskeiðum af ýmsu tagi. Hef lokið Vinnsla og greining gagna í Opna háskólanum í HR.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef komið víða við á vinnumarkaðnum í gegnum tíðina. Byrjaði 13 ára að vinna í sjoppu og bensínstöð úti á landsbyggðinni. Hef unnið í frystihúsi, saltfiski og loðnu. Fór sem au-pair til Bandaríkjanna. Var rekstrarstjóri á skemmtistað í nokkur ár, vann í grunnskóla og við ýmis sölustörf. Ég var trúnaðarmaður á mínum vinnustað frá 2006-2016 og aftur 2019 og er enn. Sat í trúnaðarráði VR frá 2007-2009 og 2010-2011. Sat í stjórn VR sem aðalmaður og varamaður frá 2011-2018. Ég hef setið í starfsmenntanefnd og laganefnd VR í stjórnartíð minni og verið formaður laganefndar. Einnig sat ég í umhverfisnefnd ASÍ og var varamaður í miðstjórn ASÍ.

HELSTU ÁHERSLUR

Mér finnst ótrúlega gaman að fá að taka þátt í starfi VR. Það eru komin 3 ár síðan ég sat í stjórn VR. Ég finn að ég sakna þess að taka þátt og finnst ég ennþá hafa margt til málanna að leggja. Margt hefur breyst á þessum tíma. Sumt gott og annað ekki. Áhuginn er ennþá mikill og þess vegna langar mig að fá tækifæri til að starfa aftur fyrir félagsmenn. Jafnréttismál eru alltaf efst á lista yfir þau mál sem mér finnst skipta miklu máli og vil ég halda áfram að vinna að því að ná fram jafnrétti á vinnumarkaði. Bæði þegar kemur að launum og tækifærum til starfa. Stytting vinnuvikunnar er mál sem við þurfum að halda áfram að berjast fyrir. Við erum komin af stað, en þurfum að ná svo miklu lengra. Aukið jafnvægi á milli kynja og á milli vinnu og fjölskyldu bætir og eflir samfélagið okkar í heild. Aukið álag og stress er farið að segja allt of mikið til sín á vinnumarkaðnum.



Sigmundur Halldórsson

Fæðingardagur og ár
17. desember 1966

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
simmix1@yahoo.com

Facebook
facebook.com/betravr

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef starfað við stafræna verkefnastjórnun, markaðssetningu, útgáfu og þróun m.a. hjá Icelandair, CCP, 365, Símanum og A4. Ég hef lokið MA námi í alþjóðasamskiptum frá Nottingham University í Bretlandi og BS í fjölmiðlun frá Virginia Commonwealth University í Bandaríkjunum, auk margvíslegra styttri námskeiða tengdum störfum mínum.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður í VR nánast alla mína starfsævi og hef brennandi áhuga á málefnum launafólks. Ég kom inn í trúnaðarráð VR 2012 og frá árinu 2015 hef ég setið í stjórn VR og tekið beinan þátt í störfum stjórnar í nefndum og á stjórnarfundum. Ég hef setið í framtíðar-, jafnréttis-, orlofs- og styrkjanefnd VR, og er nú formaður bæði mennta- og laganefndar VR. Ég er sérstaklega stoltur af starfi okkar í framtíðar- og menntanefndum VR. Jafnframt tek ég þátt í starfi ASÍ fyrir hönd VR þar sem ég er í miðstjórn og fjölmiðlanefnd ASÍ og hef setið bæði ASÍ og LÍV þing fyrir hönd VR. Jafnframt hef ég setið í stjórn Samfylkingarfélagsins í Hafnarfirði, verið í vefhóp SKÝ, stjórnarmaður í SVEF og er stoltur af því að styðja við bakið á starfi Amnesty International á Íslandi.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég vil tryggja réttindi launafólks í þeim miklu breytingum sem nú eru að verða á vinnumarkaði og launafólk móti sína framtíð. Aukið atvinnulýðræði og áhersla á tækifæri til endurmenntunar eru hluti af mínum áherslum. Að allir félagar í VR geti tekist á við þessar breytingar í gegnum öflugt styrkjakerfi og valkosti til endurmenntunar þar sem ég hef lagt á það áherslu í menntanefnd að auk formlegrar menntunar sé horft til færni og reynslu. Í starfi mínu hef ég alltaf lagt á það áherslu að VR sé félag sem gæti hagsmuna allra félagsmanna og leggi ríka áherslu á jafnrétti í víðum skilningi þess orðs. Að við séum félag sem sé viðsýnt, lýðræðislegt og sterkt breytingaafl. Að við stöndum vörð um lífeyrisréttindi okkar og berjumst fyrir afnámi þeirra skerðinga sem stjórnvöld hafa staðið fyrir árum saman. Ég óska eftir þínum stuðningi til þess að tryggja framgang þessara verkefna.



Sigríður (Sirrý) Hallgrímsdóttir

Fæðingardagur og ár
15. janúar 1971

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
sirryhal@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN


Ég hef oftast kosið að vinna í nýsköpunarumhverfi og hjá tæknifyrirtækjum sem eru að ryðja nýjar brautir. Í dag starfa ég sem verkefnastjóri hjá Netgíró hf. fyrirtæki sem er leiðandi í fjártækni með það að markmiði að bæta fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga. Ég lærði viðskiptafræði og MBA við Háskólann í Reykjavík.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef nánast alla mína starfstíð verið félagsmaður í VR. Ég hef tekið virkan þátt í ýmsum félagsstörfum. Sat í stjórn félags viðskipta- og hagfræðinga, stjórnarformaður Íslenska dansflokksins, sat í fagráði lista og skapandi greina, JA – junior achivement, háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands svo eitthvað sé nefnt. Hef einnig gengt ýmsum trúnaðarstörfum á pólitískum vettvangi. Ég starfaði sem aðstoðamaður mennta- og menningarmálaráðherra og í þeim störfum öðlaðist ég innsýn og þekkingu á menntakerfi þjóðarinnar.

HELSTU ÁHERSLUR

Örar tæknibreytingar hafa átt sér stað á vinnumarkaðnum á síðustu árum og líklegt er að það leiði af sér talsverðar breytingar á starfsumhverfi framtíðarinnar. Þessar breytingar fela ekki bara í sér áskoranir heldur einnig fjölmörg tækifæri ef vel er stutt við bakið á þeim hópi sem verður fyrir mestum áhrifum af þessum breytingum. Samkvæmt spám um möguleg áhrif sjálfvirknivæðingar er talið líklegt að tæplega 60% starfa taki talsverðum breytingum vegna áhrifa tæknibreytinga. Það er því mikilvægt að vinnumarkaðurinn undirbúi og styðji við starfsfólk í að sækja sér viðeigandi endurmenntun sem nýtist fólki til að aðlagast þessum miklu breytingum. Stéttarfélagið okkar getur gengt lykilhlutverki við þessa umbreytingu. Aukin þjónusta við félagsmenn með áherslu á fræðslu og endurmenntun, aukinn sveigjanleiki í starfsumhverfi og aðstoð við atvinnurekendur til að styðja við bakið á starfsfólki getur skipt sköpum. Yfirfærsla á þekkingu er mikilvægur þáttur í því að nálgast tæknibreytingar og við þurfum að tryggja sem best að að ólíkir hópar eigi góða möguleika á því að aðlaga sig að þessum breytingum. Með því stuðlum við að því að tæknin nýtist okkur öllum ekki bara fáum. Aukin framleiðni vegna tækniframfara getur skilað miklum ábata og nauðsynlegt að við tryggjum að okkar félagsmenn standi sterkt að vígi þegar kemur að því að skipta þeim efnahagslega ávinningi sem tækniþróunin hefur í för með sér .



Sigurður Sigfússon

Fæðingardagur og ár
1. maí 1948

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
siggi@n1.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Stundaði nám við Samvinnuskólann á Bifröst og framhaldsnám við Norska Samvinnuskólann. Seinna kennari við Samvinnuskólann á Bifröst en ráðinn til Olíufélagsins hf. ESSO/N1/Festi árið 1983. Hef starfað þar síðan sem rekstrarstjóri bensínstöðva, svæðisstjóri, þjónustustjóri og markaðsfulltrúi og núna í starfi fyrir Starfsmannafélag N1 og Festivals.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef setið í stjórn VR frá 1996, fyrst sem varamaður, en aðalmaður í stjórn frá 2000. Hef m.a. verið formaður sjúkrasjóðs VR. Setið í laganefnd. Verið formaður stjórnar orlofssjóðs VR frá 2012. VR veitir félagsmönnum sínum mikla og góða þjónustu og er ég stoltur af störfum mínum fyrir félagið. Ég er viss um að það er kostur að vera með breiðan aldurshóp í 15 manna stjórn og gef því kost á mér til áframhaldandi stjórnarsetu.

HELSTU ÁHERSLUR

Orlofssjóður VR. Orlofhúsum og íbúðum orlofssjóðs hefur fjölgað um helming á undaförnum árum úr 40 í 80 eignir. Auk þess er komið frábært tjaldsvæði í Miðhúsaskógi, stórbætt aðstaða fyrir umsjónarmanninn þar og ný vélaskemma. Ein ástæða fyrir því að ég býð mig aftur fram til stjórnarsetu fyrir VR er að mig langar, sem formaður Orlofssjóðs, til að halda þessari uppbyggingu áfram.

Í kjaramálum mun ég áfram standa vörð um lífskjarasamninginn, sem okkar leið til að tryggja kaupmátt. Hækkun á persónuafslættinum kemur okkur öllum til góða. Krónutala í stað % hækkana. Fjarvinna verður eitt af stóru málum næstu kjarasaminga. Jafnlaunavottunin er mikilvægt tæki í baráttunni fyrir launajöfnuði kynjanna og jafnrétti. Gera þarf breytingar á Varasjóði VR með það að markmiði að hann þjóni betur þeim félagsmönnum sem eru á lægstu launum. Ég hef beitt mér fyrir úrbótum á þessu sviði og mun halda því áfram.



Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Fæðingardagur og ár
8. október 1969

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
svansi1969@gmail.com

Facebook
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Instagram
Svanhth

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa hjá fjölmiðlafyrirtækinu Sýn hf. sem deildarstjóri auglýsingardeildar. Ég hef unnið við fjölmiðla í 31 ár eða allt frá árinu 1990 við dagskrárgerð í útvarpi, sölu auglýsinga og nú sem deildarstjóri á auglýsingardeild. Ég útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands með B.ed gráðu árið 1999, árið 2009 lauk ég diplomagráðu í Mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands og vorið 2016 útskrifaðist ég frá Promennt úr sölu- og markaðsfræði.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á félagsmálum og setið í mörgum nefndum í gegnum tíðina. Ég var t.d. forseti starfsmannafélags 365 miðla í um áratug auk þess sem ég gegndi starfi trúnaðarmanns á sama vinnustað til margra ára. Í gegnum starf mitt sem forseti starfsmannafélagsins vann ég náið með starfsfólki og stjórnendum félagsins og var sá tími mér bæði reynslumikill og dýrmætur. Ég hef setið í stjórn VR nokkur tímabil eða frá árunum 2014-2018 og 2019-2021, síðasta tímabil sem ritari stjórnar. Í stjórnartíð minni hef ég starfað í ýmsum nefndum en í dag sit ég m.a. í jafnréttisnefnd, launanefnd og sem formaður í framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs VR. Frá árinu 2017 hef ég setið í stjórn Landssambands íslenskra verslunarmanna fyrir VR.

HELSTU ÁHERSLUR

Það er áríðandi að upplýsa VR félaga um réttindi sín og efla þannig þátttöku þeirra í félaginu. Jafnréttis og mannréttindamál eru mér einkar hugleikin. Við þurfum m.a. að vinna markvisst að því að útrýma launamun kynjanna, þar má ekki láta deigan síga. Það þarf að standa vörð um að fólki sé ekki mismunað á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernis, kynhneigðar, aldurs, trúar eða annarra þátta. Við þurfum að efla samfélagslega ábyrgð atvinnulífsins hvað varðar umhverfismál, beita okkur enn frekar fyrir styttingu vinnuvikunnar og sveigjanlegum starfslokum. Mikilvægt er að hvetja félagsmenn til símenntunar því menntun er máttur, eykur þróun og nýsköpun og býr til tækifæri og starfsmöguleika. Til að gera gott félag enn betra þarf að hlusta á rödd félagsmannsins, virða skoðanir hans og óskir. Það er mikilvægt að í stjórn stærsta stéttarfélags landsins sitji heiðarlegur og sanngjarn talsmaður félagsmanna. Þitt atkvæði skiptir máli.



Þórir Hilmarsson

Fæðingardagur og ár
27. október 1983

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
thorir83@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Árið 2008 lauk ég sveinsprófi í skósmíði frá þá Iðnskólanum í Reykjavík, nú Tækniskólanum. Hafði þá unnið í og með á skóverkstæðum frá því ég byrjaði á vinnumarkaðnum. Hef einnig starfað við ýmis önnur störf tengd verslun á starfsævinni. Ég hef starfað sem skósmiður hjá Skómeistaranum Smáralind frá árinu 2011.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður í VR frá því ég hóf störf fimmtán ára gamall. Ég hef alla ævi haft áhuga á félagsstörfum almennt og yfirleitt verið virkur á hverjum vettvangi sem ég hef komið nálægt, hvort sem það tengist störfum mínum eða öðrum sviðum lífsins. Ég hef setið í stjórn Landssambands skósmiða frá árinu 2009 til 2021. Ég hef setið í stjórn VR sem varamaður og tekið þátt í störfum stjórnar í nefndum og á stjórnarfundum. Auk þess hef ég, sem faðir tveggja stúlkna, verið virkur í foreldrafélagsstarfi hjá þeim og verið bekkjarfulltrúi hjá báðum, svo dæmi séu nefnd. Stjórnarmaður Landssambands skósmiða 2009-2021. Varastjórnarmaður VR 2020-2021. Trúnaðarráð VR 2020-2021. Ég hef síðastliðið ár verið í eftirtöldum nefndum VR; Orlofsnefnd, Framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs, Framtíðarnefndinni, Umhverfisnefnd og auk þess setið sem formaður styrktarnefndar.

HELSTU ÁHERSLUR

Félagið okkar hefur unnið mikið og gott starf undanfarin ár en eftirfarandi eru þær áherslur sem standa mér næst og ég vil leggja áherslu á, ef ég verð hluti af komandi stjórn félagsins: Að lágmarkslaun dugi til framfærslu. Beinir styrkir t.d. vegna líkamsræktar tannlæknakostnaðar, sálfræðiþjónustu. Orlofsmál. Kjaramál vegna fjarvinnu (hvar liggur línan milli heimilis og vinnu). Aukin stuðningur við félagsmanna sem hafa misst vinnuna. Auka við fræðsluefni fyrir ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum. Ég tel að við ættum að gera vefsíðuna enn betri og auka aðgengi allra félagsmenn að upplýsingum um réttindi sín. VR er sterkt félag og ég vona að ég geti tekið þátt í mótun þess á komandi árum í þágu félagsmanna með fersku sjónarmiði og trausti félagsmanna mér að baki. Hvert atkvæði skiptir máli og hvet ég ykkur öll til að kjósa sama hver hlýtur þitt atkvæði.

LISTI STJÓRNAR OG TRÚNAÐARRÁÐS 2021–2023

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðaráð. Í lögum VR um kosningu formanns, stjórnar og trúnaðarráð segir: Trúnaðarráðsfundur VR sem var haldinn mánudaginn 26. janúar 2021 samþykkti listann einróma. Framboðsfrestur til að skila inn framboðslistum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2021-2023 rann út á hádegi föstudaginn 22. janúar 2021. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR. Þar sem ekki bárust fleiri framboðslistar telst þessi listi réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í heild sinni hér að neðan:

NAFN	VINNUSTAÐUR
Álfhildur Sigurjónsdóttir	DHL Express Iceland ehf.
Anna Katrín Ólafsdóttir	CCP
Anna Þórðardóttir Bachmann	PricewaterhouseCoopers ehf.
Árni Guðmundsson	Korputorg ehf.
Áslaug Alexandersdóttir	Byko ehf.
Birgir Már Guðmundsson	Sorpa bs.
Birgitta Ragnarsdóttir	Icetransport ehf.
Björg Gilsdóttir	Aðalskoðun hf.
Björgvin Ingason	Teitur Jónasson ehf.
Björn Axel Jónsson	Hagkaup
Erla María Vilhjálmsdóttir	Distica hf.
Freyja Lárusdóttir	VIRK-Starfsendurhæfingarsj.
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir	Fossberg ehf.
Guðlaugur Sæmundsson	Íslandshótel hf.
Guðmunda Ólafsdóttir	Íþróttabandalag Akraness
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir	Icepharma hf.
Hafliði Ingason	Orkusalan
Halldóra Magnúsdóttir	Fönn - Þvottaþjónustan ehf.
Halldóra María Steinarsdóttir	Byko ehf.
Ingimar Þorsteinsson	Marel Iceland ehf.
Jóhann Már Sigurbjörnsson	Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðar
Jón Guðmundur Björgvinsson	Origo hf.
Jón Hrafn Guðjónsson	Í atvinnuleit
Kristinn Örn Jóhannesson	Í atvinnuleit
Ottó Sverrisson	Í atvinnuleit
Páll Örn Líndal	N1 ehf.
Ragnar Orri Benediktsson	RÚV Sala ehf.
Selma Kristjánsdóttir	VR
Sesselja Jónsdóttir	Forlagið ehf.
Sigurbjörg Þorláksdóttir	Í atvinnuleit
Sigurður Karlsson	Sýn hf.
Silja Hlín Guðbjörnsdóttir	Nordic Visitor hf.
Soffía Óladóttir	Egilsson ehf.
Stefán Viðar Egilsson	Tengi ehf.
Steinar Viktorsson	Húsasmiðjan ehf.
Steinþór Ásgeirsson	Í atvinnuleit
Sveinn Enok Jóhannsson	Húsasmiðjan ehf.
Vala Ólöf Kristinsdóttir	STAFF - starfsm.f. Icelandair
Valdimar Leó Friðriksson	Í atvinnuleit
Þóra Kristín Halldórsdóttir	SERVIO ehf.
Þröstur Ríkarðsson	Ásbjörn Ólafsson ehf.
Árni Leósson	VR
Steinunn Böðvarsdóttir	VR

ORLOFSHÚS

FERÐUMST INNANLANDS Í SUMAR!

VR á 73 orlofshús um allt land og leigir félagið að jafnaði um 20 hús að auki yfir sumarmánuðina. Upplýsingar um þau hús eru jafnóðum birtar á vef VR. Markmiðið er að auðvelda félagsmönnum að njóta orlofs og hvíldar. Leitast er eftir fremsta megni við að koma til móts við þarfir félagsmanna með bættri þjónustu.



VINSÆL GÆLUDÝRAHÚS

Í dag er leyfilegt að vera með gæludýr í 19 húsum VR.

Flúðir: Hús nr. 29 og 30.

Miðhúsaskógi: Hús nr. 1-8, 24 og 25.

Lækjarbakka: Hús nr. 21.

Húsafell: Hús nr. 9, 10 og 12.

Hellishólar í Fljótshlíð: Húsi nr. 16.

Holtaland á Akureyri: Hús nr. 4 og 6.

Þá eru gæludýr leyfð á tjaldsvæði VR í Miðhúsaskógi. Annars staðar eru gæludýr ekki leyfð. Lausaganga gæludýra er með öllu óheimil á orlofssvæðum VR. Vinsamlega virðið reglur varðandi gæludýr og takið tillit til annarra.

Á öllum húsum VR eru stubbahús sem gestum ber að nota, en reykingar eru ekki leyfðar í orlofshúsum VR.



REGLUR ORLOFSHÚSA VR

Almennar reglur

Hafi orlofshúsið ekki verið nýtt á leigutímanum er ekki hægt að fá leigugjaldið endurgreitt eftir á.

Orlofshús eru ekki leigð til félagsmanna yngri en 20 ára og er miðað við árið sem þeir verða 21 árs.

Ef inneign í VR varasjóði er notuð til að greiða fyrir leigu á orlofshúsi er hún undanþegin staðgreiðsluskyldu skatta, að því hámarki sem er í gildi hverju sinni samkvæmt skattmati hvers árs.

Framleiga á orlofseignum VR er með öllu óheimil. Félagsmaður sem skráður er leigjandi ber fulla ábyrgð á húsnæðinu meðan það er í leigu á hans nafni.

- Húsið er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum.
- Leigjandi ber ábyrgð á öllum búnaði hússins meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dvelja á hans vegum í húsinu á leigutíma.
- Leigjandi skal ganga vel um hús og umhverfi, þrífa húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað. Sé því ábótavant áskilur VR sér rétt til að innheimta sérstakt gjald fyrir þrif.
- Leigjandi skal skila af sér orlofshúsi á uppgefnum tíma skv. samningi.
- Leigjandi þarf að hafa með sér handklæði, sápu, viskastykki, sængurver, lök og koddaver.
- Dvalargestir eru beðnir um að forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu og taka tillit til annarra gesta.
- Leigjandi skal ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt.



FERÐAVAGNAR

VR félagar geta tekið á leigu tjaldvagna, fellihýsi eða hjólhýsi af viðurkenndum leiguaðilum og fengið niðurgreiðslu frá VR gegn framvísun kvittunar. Niðurgreiðslan er 5.000 kr. pr. nótt en þó að hámarki sex nætur fyrir hvert orlofstímabil, hámarks-endurgreiðsla er því 30.000 kr. Greitt er eftir að dvöl lýkur gegn fullri greiðslu fyrir vagninn, leigutímabil þarf að koma fram á kvittun. Umsókn um niðurgreiðslu á ferðavagni er að finna undir „Meira“ á Mínum síðum.





KOMU- OG BROTTFARATÍMAR

VETRARTÍMABIL ER FRÁ 31. ÁGÚST TIL 28. MAÍ. Á þeim tíma er komutími kl. 16 og brottför kl. 12 nema sunnudaga kl. 19.

SUMARTÍMABILIÐ ER FRÁ 29. MAÍ. TIL 30. ÁGÚST. Á þeim tíma er komutími kl. 17 og brottför kl. 12 nema sunnudaga kl. 19.

ELDRI FÉLAGSMENN ATHUGIÐ!
Félagsmenn 67 ára og eldri fá 20% afslátt af leigu.

TJALDSVÆÐI VR

Tjaldsvæði VR í Miðhúsaskógi opnar í byrjun júní en nánari dagsetning verður auglýst á vef VR. Einungis verður boðið upp á að bóka sér stæði á tjaldsvæðinu í gegnum Mínar síður.

Á tjaldsvæðinu er mjög góð aðstaða fyrir tjöld, húsbíla og fellihýsi. Þar er einnig þjónustuhús með grillaðstöðu og vöskum, salernisaðstöðu, sturtum og þvottavél til afnota fyrir tjaldgesti. Á svæðinu er umsjónaraðili sem annast eftirlit.

Svæðið er allt hið glæsilegasta og mjög fjölskylduvænt. Leikaðstaða er inni á sjálfu svæðinu en auk þess er sérstakt leiksvæði í tengslum við orlofshúsabyggð VR í Miðhúsum.

Tjaldsvæðið er aðeins ætlað VR-félögum og fjölskyldum þeirra en félagsmenn geta boðið gesti/gestum að dvelja með sér á tjaldsvæðinu, þó aldrei meira en sem samsvarar einu tjaldstæði. Heimilt er að hafa gæludýr á tjaldsvæðinu. Hámarksdvöl á tjaldsvæðinu er tvær vikur.

VR-félagar geta tekið á leigu tjaldvagna, fellihýsi eða hjólhýsi hjá viðurkenndum leiguaðilum og fengið niðurgreiðslu frá VR gegn framvísun kvittunar. Niðurgreiðslan er 5.000 kr. pr. nótt en þó að hámarki sex nætur fyrir hvert orlofstímabil.



TRÚNAÐARMANNA-NÁMSKEIÐ

Líkt og margir þjónustuaðilar hefur VR þurft að aðlaga sig að breyttum aðstæðum í samfélaginu. Því hefur verið brugðið á það ráð að bjóða upp á rafræna fyrirlestra og námskeið í stað þeirra hefðbundnu sem krefjast þess að fá félagsmenn á staðinn. Skráning á rafræna hádegis-fyrirlestra fer fram á vr.is.

KJARAMÁLANÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN

24. mars kl. 8:30-12:00

Leiðbeinendur: Kjaramálasvið VR

Námskeiðið er aðeins ætlað trúnaðarmönnum VR

VR leggur áherslu á að trúnaðarmenn fái allar helstu upplýsingar er snúa að kjaramálum félagsmanna. Þetta námskeið er hluti af þeirri stefnu en hér verður farið yfir helstu atriði kjarasamninga svo sem veikindarétt, uppsagnir, orlof, vinnutíma og áunnin réttindi. Hér gefst trúnaðarmönnum tækifæri til þess að ræða saman, deila reynslu sinni og fá svör við spurningum sínum. Sérlega gagnlegt námskeið sem enginn trúnaðarmaður ætti að láta fram hjá sér fara.

Námskeiðið verður haldið rafrænt á Zoom, er gagnvirkt og þess vegna einungis aðgengilegt á auglýstum tíma. Nánari leiðbeiningar og hlekkur á námskeiðið verða send á skráða trúnaðarmenn daginn fyrir námskeið.

Við minnum á kjarasamningsbundinn rétt trúnaðarmanna til að sækja trúnaðarmannanámskeið í samtals eina viku á ári. Trúnaðarmenn halda dagvinnutekjum sínum þann tíma sem þeir sækja fræðslu hjá félaginu. Um rafræn námskeið gildir hið sama.

RAFRÆNIR HÁDEGIS-FYRIRLESTRAR

Líkt og margir þjónustuaðilar hefur VR þurft að aðlaga sig að breyttum aðstæðum í samfélaginu. Því hefur verið brugðið á það ráð að bjóða upp á rafræna fyrirlestra og námskeið í stað þeirra hefðbundnu sem krefjast þess að fá félagsmenn á staðinn. Skráning á rafræna hádegisfyrirlestra fer fram á vr.is.

JÁKVÆÐ SAMSKIPTI

18. mars kl. 12:00-13:00

Leiðbeinandi: Pálmar Ragnarsson, Bs. gráða í sálfræði og Ms. í viðskiptafræði með áherslu á samskipti á vinnustöðum

Pálmar er fyrirlesari og körfuboltaþjálfari sem hefur slegið í gegn með fyrirlestrum um jákvæð samskipti. Fyrirlesturinn hefur hann flutt fyrir marga af stærstu vinnustöðum landsins og fjölmarga aðra hópa. Í fyrirlestrinum fjallar hann um það hvernig við getum náð fram því besta hjá fólkinu í kringum okkur með góðum samskiptum. Samhliða því tekur hann mörg skemmtileg dæmi af samskiptum barna á íþróttaæfingum og yfirfærir á vinnustaðinn og okkar daglega líf. Auk þess segir hann frá niðurstöðum rannsókna sem hann hefur framkæmt á samskiptum Íslendinga á skemmtilegan hátt.

Fyrirlesturinn verður einungis aðgengilegur rafrænt. Honum verður streymt á auglýstum tíma, 4. febrúar og opinn út þann dag á hlekknum en fer svo inn á Mínar síður VR og verður aðgengilegur þar í 7 daga.

HÆTTU AÐ VÆLA KOMDU AÐ KÆLA

8. apríl kl. 12:00-13:00

Leiðbeinandi: Andri Einarsson, stofnandi ANDRI ICELAND

Andri er Innblásinn af áhrifum kennslu frá heimsþekktum höfundum, þjálfurum og kennurum á sviði Mind-Body tækninnarn. Fólk á námskeiðum hjá honum ögrar gömlum skoðanamynstrum, dýpkar skilning á öndun og enduruppgötvar getu sína til að ná stjórn á sjálfvirkum streituviðbrögðum með því að fara ofan í ískalt vatn. Í þessum fyrirlestri mun Andri kynna hugtök og undirstöðuatriði kenninga sinna, deila sinni persónulegu vegferð og kynna áhorfendur fyrir Wim Hof öndunartækninni. Þessar aðferðir höfðu svo mikil áhrif á líf Andra að áratugir af langvarandi sárum verkjum í mjóbaki og mígreni hurfu loksins. Þessi umbreyting er það sem leiddi til þess að hann fór að miðla ávinningi og leiðbeina öðrum í átt að sömu valdeflandi upplifun.

Fyrirlesturinn verður einungis aðgengilegur rafrænt. Honum verður streymt á auglýstum tíma, 8. apríl og opinn út þann dag á hlekknum en fer svo inn á Mínar síður VR og verður aðgengilegur þar í 30 daga. **Þessi fyrirlestur verður með enskum texta**.

Ýmis aðildarfélög LÍV, ASÍ og ASÍ-UNG hafa staðið að fjölbreyttum námskeiðum og fyrirlestrum og það er um að gera að nýta sér það sem er í boði og nýta aðstæður til að hugsa út fyrir þægindarammann.

AF VETTVANGI LANDSSAMBANDSINS

Árið 2021 fer rólega af stað í Landssambandinu en það er bjartsýni og von í samfélaginu öllu eftir það sem á undan er gengið og hlutirnir hægt og rólega að verða líkari því sem áður var, þó með einhverjum breytingum. Stjórn LÍV fundar enn á rafrænan máta og við förum okkur hægt í sakirnar og viljum stíga varlega til jarðar í upprisunni eftir Covid. Rafrænir fundir og fjarvinna er eitt af því sem hefur einkennt líf okkar síðastliðið ár og ég held að það sé komið til að vera að miklu leyti. Rafrænir fundir henta vel þegar um samstarf á lands- og alþjóðavísu er að ræða og tryggja jafnari aðkomu að starfinu. Rafræn fræðsla er sömuleiðis hentug að því leyti að mun fleiri geta nýtt sér hana þar sem búseta er ekki jafna sem þarf að hugsa út í. Ýmis aðildarfélög LÍV, ASÍ og ASÍ-UNG hafa staðið að fjölbreyttum námskeiðum og fyrirlestrum og það er um að gera að nýta sér það sem er í boði og nýta aðstæður til að hugsa út fyrir þægindarammann því við erum svo sannarlega að verða ansi sjóuð í því.

Þrátt fyrir marga kosti rafrænna samskipta er alltaf gott að hittast í raunheimum líka og vonandi förum við að geta gert meira af því með vorinu. LÍV þingið er á dagskrá í haust en það er haldið á tveggja ára fresti. Við erum bjartsýn á að vera komin á þann stað í samfélaginu að það verði orðið óhætt að halda slíkan viðburð í eigin persónu. Undirbúningur fyrir þingið mun því einkenna komandi starfsár að miklu leyti. Það verður virkilega kærkomið að hittast í eigin persónu, ræða málefnin sem brenna á verslunarfólki, stilla saman strengi okkar eftir erfiða tíma og marka stefnu sambandsins næstu tvö árin.

Á erlendum vettvangi er starfið að komast aftur í gang en allt tekur sinn tíma og raunveruleikinn í kringum okkur er allt annar en hér heima hvað Covid varðar. Því er ljóst að rafrænir fundir og -viðburðir verða áfram fastir liðir þegar kemur að erlenda samstarfinu, að minnsta kosti enn um sinn. Verkalýðshreyfingin bæði í Evrópu og á alþjóðavísu stendur að hinum ýmsu rafrænu viðburðum sem oft eru opnir félagsmönnum aðildarfélaganna. Við höfum reynt að hafa augun opin fyrir þeim viðburðum og komið upplýsingum áfram á aðildarfélög LÍV eftir fremsta megni og ég hvet fólk til að taka þátt. Þetta er bara veruleikinn sem launafólk, og fólk almennt, um allan heim býr við og hefur gert á þessum síðustu og verstu. Samskipti og aðrir þættir í okkar daglega lífi, eins og til dæmis verslun, fara fram á annan hátt en áður. Það er því kannski ekki að ástæðulausu sem stafræn þróun og gervigreind eru á meðal þess sem verkalýðshreyfingin á alþjóðavettvangi, og



Elva Hrönn Hjartardóttir

hér heima, leggur mikla áherslu á og að launafólk sé í stakk búið til að takast á við þær tæknibreytingar sem við erum að upplifa og komum til með að upplifa í náinni framtíð.

Landssamband íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) var stofnað þann 2. júní árið 1957 og telur í dag rúmlega 40.000 meðlimi í 10 aðildarfélögum og verslunardeildum um allt land. Skrifstofa LÍV veitir félögunum almenna þjónustu vegna kjarasamninga og skyldra mála. Ennfremur starfar LÍV að starfsmenntun verslunarfólks og hefur haft á hendi kjarasamningagerð fyrir aðildarfélög, önnur en VR. Samskipti og erlent samstarf er einnig mikilvægur þáttur innan LÍV og er Landssambandið með aðild að ýmsum samtökum á erlendum vettvangi. Formaður LÍV frá árinu 2019 er Ragnar Þór Ingólfsson. Elva Hrönn Hjartardóttir er eini starfsmaður LÍV og sér hún um daglegan rekstur sambandsins þar sem verkefnin eru mörg og mismunandi.

Ég hef lært mikið á þessum stutta tíma sem ég hef verið trúnaðarmaður. Ég get miðlað upplýsingum um kjaramál, réttindi og mál tengd VR. Ég fæ auðvitað reglulega spurningar sem ég get ekki svarað strax.



TRÚNAÐARMAÐURINN

KATRÍN RÓBERTSDÓTTIR

Aldur: 25
Vinnustaður: IKEA

Hvað hefurðu unnið lengi hjá þínu fyrirtæki?

Ég byrjaði í hlutastarfi hjá IKEA árið 2015 og hef síðan fært mig í fullt starf.

Hversu lengi hefurðu verið trúnaðarmaður?

Ég hef verið trúnaðarmaður síðan í ágúst 2019.

Hvernig fræðslu hefurðu sótt þér sem trúnaðarmaður?

Ég fór á flest öll námskeið sem VR bauð upp á fyrir trúnaðarmenn strax eftir að ég var kjörin. Það var mjög gott að fá að vera í hópi með öðrum trúnaðarmönnum, heyra hvaða spurningar þau höfðu og taka þátt í umræðum. Fór einnig á flotta kynningu þegar VR var að kynna styttingu vinnuvikunnar.

Ég stefni á að fara á námskeiðið „Sjóðir og þjónusta“ fyrir trúnaðarmenn hjá VR þar sem ég hef ekki komist síðustu tvö skipti og ég er spennt að fá frekari upplýsingar og geta miðlað þeim áfram til samstarfsfélaga minna.

Finnst þér þú hafa lært eitthvað af því að vera trúnaðarmaður?

Ég hef lært mikið á þessum stutta tíma sem ég hef verið trúnaðarmaður. Ég get miðlað upplýsingum um kjaramál, réttindi og mál tengd VR. Ég fæ auðvitað reglulega spurningar sem ég get ekki svarað strax og held ég læri mest af því að finna svörin við þeim. Ég vissi líka ekki hversu auðvelt væri að hafa samband við VR og hversu fljót þau eru að svara spurningum sem ég hef fengið.

Hvernig hefur Covid-19 veiran haft áhrif á starf þitt?

Covid-19 hefur haft mikil áhrif á starfsemi IKEA eins og flest fyrirtæki á Íslandi. Við höfum núna tvívegis þurft að loka versluninni og afgreiða allar pantanir sjálf. Það er fólk á öllum aldri að vinna í IKEA og ég er ánægð að við vorum með lokað á meðan Covid-19 var sem verst á Íslandi.

Það er rosaleg keyrsla og álag að finna til og afgreiða allar þessar pantanir í svona stórri búð sem er hugsuð sem sjálfsafgreiðsluverslun en þetta var líka gott í reynslubankann. Seinna skiptið sem við lokuðum núna í haust gekk betur, en við lærðum hvað virkaði vel og nýttum okkur þá reynslu. Þetta gekk allt mjög vel fyrir sig og samvinnan áberandi mikil á þessum tímum þegar virkilega reynir á. Ég held samt að bæði starfsmenn og viðskiptavinir séu ánægðir að búðin sé opin núna.





HVERNIG Á AÐ KJÓSA TRÚNAÐARMANN?

Starfsmenn á vinnustaðnum kjósa sér trúnaðarmann til tveggja ára í senn. Kosning fer fram í samráði við VR en trúnaðarmaðurinn fær staðfestingu á kjöri og umboð sitt frá félaginu.

Kjósa má trúnaðarmann á vinnustað þar sem starfa fimm félagsmenn eða fleiri. Ef starfsmenn eru fleiri en 50 má kjósa tvo trúnaðarmenn. Kjörtímabil hvers trúnaðarmanns er 2 ár.

KOSNINGAR TRÚNAÐARMANNA

Í samningum og lögum eru ekki fyrirmæli um kosningu trúnaðarmanns, en það er þó talið æskilegt að fram fari skrifleg, leynileg kosning á áður auglýstum tíma þannig að allir sem eiga rétt á að kjósa geti kosið. Æskilegt er að starfsmaður og/eða fulltrúi stéttarfélagsins hafi umsjón með kosningunni. Þegar kosningu er lokið er val trúnaðarmanns lagt fyrir stjórn félagsins sem staðfestir kjör hans. Fyrirtækinu og trúnaðarmanninum sjálfum er sent bréf þessu til staðfestingar.

Ef aðeins er stungið upp á einum starfsmanni til að gegna starfi trúnaðarmanns er hann sjálfkjörinn. Ef um fleiri er að ræða skal fara fram kosning milli aðila.

Ef þú vilt koma á kosningu trúnaðarmanna á þínum vinnustað hafðu samband við þjónustuver VR í síma 510 1700 eða sendu tölvupóst á trunadarmenn@vr.is. Nánari upplýsingar veita tengiliðir trúnaðarmanna: Anna Lilja Björnsdóttir og Elva Hrönn Hjartardóttir.

KROSSGÁTAN



							Frí-stundar krossgátur ©	TÍMA-SETNING	EKKI AFHENT	POTT-RÉTTUR		GÆFA	BAR-DAGAR	MANNS-NAFNI	GLER-KRUKK-UR	LÆGSTA HITA	TÆPAN
							VÆNDI				VÖRÐUR-INN	1					
							KVEN-NAFN				TILEFNI / HERRA-DÓMUR						
							SKIPA-LÆGIÐ						AUM-LEGU / RANG-FÆRA				
							FLATT SKER / BORÐ-HALD					ÞAK-HLUTUM / HÖGG					
	NABBI		LÉT FRÁ SÉR	STARF-RÆKTI		STEFNA / KVEN-NAFN				KAFMÆÐI / NÁ-KVÆM-LEGA					TRALL-HLJÓÐ / FOR-MÓÐUR MANNA		2
KARL-FUGLAR					SK.ST. KANNSKI / SVIKULI				SAMTALS / SÖNG-LEIK					STÖK / TAUTAR			
NÚN-INGS-ORKU							Á FÆTI-NUM / YTRI HÁR ULLAR						3			TÍMA-SKRÁR	SKJÁLFA
SLÁST								KEYR / HAF			BJÖRG-UNAR-TÆKI / SJÁIR EFTIR						
VÖÐL-AST				ASÍU-MAÐUR / FORNS MANNS-NAFNS								HEILLI / HINNI					
	Á LITINN / ÓKEYPIS					HRINGA / ÁRSRIT	4						TÓMT / INDÍÁNA				
MYNT							VITFIRR-INGIN / HAF								PÍLA / TÍÐAR-FARIÐ		
SKEMMD-ARINNAR								SNÆDDUR / MEÐ SJÁVARLIT	7					ÁR-KVÍSLAR / SÁR			
FRYSTI				VERK-LAGIÐ	STRAX Á EFTIR / FLÉTT-AÐAR					DEIGAR / SIGAÐI				5		GLITRA	HINDR-AÐUR
STRÍÐNI			BROTT / SPIL				BORÐ-ANDI / ÁVEXT-INA				SLEIST / HREIFA-DÝR						
	ÓBLÍÐ / BIBLÍU-KONA								ÚTIVIST SKIPS / FUGLI				VIRÐA / HÆGÐIN				
FLAGA		6				BELLI-BRÖGÐ								GRYNN-ING / SPÝJA			
REGLU-FESTAN						OFAN HNÉS / ULLAR-FLÓKI					8	ANNARS FLOKKS / ÞVER-SPÝTA					
INN-HEIMTU-MAÐUR-INN										UM-STANGIÐ							
RYK-KORN			TRAUST-INU							VEITTAN GEGN SKILUM							



VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: **Lagarfljót**.

Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta VR blaði var **Jökull Jóhann Ársælsson**. Jökull er fæddur og uppalinn í Reykjavík og starfar á lager hjá CCEP og líður vel þar. Jökul er mikill útivistarmaður að eigin sögn og segir að ef hann er ekki á mótorhjóli, snjóbretti eða að kafa, megi finna hann heima að lesa góða bók eða horfa á bíómynd.

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifið „krossgáta“ utan á umslagið. Skilafrestur er til **30. apríl 2021**. Utanáskriftin er: VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is.

TILBOÐ TIL FÉLAGSMANNA VR

Félagsskírteini VR er staðfesting á aðild félagsmanns að félaginu og veitir auk þess ýmis konar afslætti. Hér að neðan má finna sérstök tilboð til félagsmanna VR gegn framvísun félagsskírteinis. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Félagsskírteini VR er rafrænt og er aðgengilegt á Mínum síðum.

FLYOVER ICELAND

Hvað:15% afsláttur

Hvar: FlyOver Iceland, Fiskisklóð 43, 101 Reykjavík

Hvenær: Alla daga

JÖRGENSEN KITCHEN & BAR

Hvað: Félagsmenn fá 20% afslátt af öllum réttum á la carte seðli á Jörgensen Kitchen & Bar. Gildir ekki af drykkjum eða öðrum tilboðum.

Hvar: Laugavegur 120, 101 Reykjavík

Hvenær: Alla daga

Gildistími: Til 14. maí 2021.

ORKAN

Hvað: Afsláttur pr. lítra: 20. kr afsláttur fyrstu tvö skiptin, 16 kr. afsláttur á afmælisdaginn, 11 kr. fyrir lítraverð yfir 50 ltr. pr. mánuð og 9 kr. fyrir lítraverð undir 50 ltr. pr. mánuð. Þú færð einnig: 20 - 40% afslátt af kaffi á þjónustustöðvum og 10 - 20% afslátt af bílatengdum vörum. Allar stöðvar eru orðnar þínar stöðvar í dag!

Hvenær: Alla daga

Hvenær: Alla daga

Gildistími: Ótímabundið

ATOMOS

Hvað: 15% afsláttur í netverslun með afsláttarkóðanum: VR15

Hvar: Netverslun Atomos

Hvenær: Alla daga

Gildistími: Ótímabundið

FLÜGGER

Hvað: 15-30% afsláttur af málningu, 10-15% afsláttur af málningarverkfærum og öðrum vörum. Gildir ekki af tilboðsvörum

Hvar: Öllum verslunum Flügger

Hvenær: Alla daga

Gildistími: Ótímabundið

STILLING

Hvað: 5-15% afsláttur af vörum. Gildir ekki af tilboðsvörum.

Hvar: Öllum verslunum Stillingar

Hvenær: Alla daga

Gildistími: Ótímabundið



JOHANSEN DELI

Hvað: 2 fyrir 1 af öllum heitum drykkjum

Hvar: Johansen Deli, Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík

Hvenær: Alla daga

Gildistími: Ótímabundið

EFNALAUGIN BJÖRG

Hvað:15% afsláttur af allri hreinsun og þvotti

Hvar: Efnalaugin Björg, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík

Hvenær: Alla daga

Gildistími: Ótímabundið

ATLANTSOLÍA

Hvað: 9 kr. afsláttur á valdri AO stöð en 7 kr. annars staðar

Hvar: Öllum stöðvum Atlantsolíu

Hvenær: Alla daga

Gildistími: Ótímabundið

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Hvað: 10% afsláttur af bankaverðmati og af umsömdum sölulaunum eigna félagsmanna. Frítt söluverðmat.

Hvar: 101 Reykjavík fasteignasala, Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík

Hvenær: Alla daga

Gildistími: Ótímabundið

Vinnur þú hjá Fyrirtæki ársins 2021?

VR

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2021

Hvað finnst þér um fyrirtækið?
Hvað er vel gert?
Finnur þú fyrir stolti og ánægju í starfi?

Nýttu tækifærið til að hafa áhrif

Þátttaka þín í könnun VR um *Fyrirtæki ársins* er mikilvæg, bæði fyrir þig og annað starfsfólk. Það er þitt að segja stjórnendum hvað er vel gert og hvað má betur fara.

Nánar á vr.is/2021



Könnunin hefur verið send til þín – taktu þátt!